



Íslenskir staðlar

ÍST EN ISO 19011:2018 (íslensk þýðing)

Gildistaka 01.09.2018

ICS: 3.100

**Leiðbeiningar um úttektir
stjórnunarkerfa**

**Guidelines for auditing management
systems**



Íslenskir staðlar

Staðfest af Staðlaráði Íslands
© Staðlaráð Íslands
Eftirprentun háð leyfi útgefanda

ÍST EN ISO 19011:2018

© Staðlaráð Íslands 2021. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þennan staðal með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla staðlinum í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

ÍST EN ISO 19011:2018

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa staðals á íslensku með fjárframlagi og/eða vinnuframlagi

Colas Íslandi

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

iCert

Jensen ráðgjöf

Landsnet

Marel

Orkuveitan

RARIK

Rio Tinto á Íslandi

Ríkiskaup

Sýni

ÍST EN ISO 19011:2018

Formáli íslensku þýðingarinnar

Þessi íslenski staðall, ÍST ISO 19011:2018, sem er einnig alþjóðlegur staðall, var staðfestur í enskri útgáfu af Staðlaráði Íslands, sem er samstarfsvettvangur íslenskra hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og beitingu staðla.

Íslenska þýðingin var gerð að tilhlutan Staðlaráðs Íslands og að henni komu Sveinn V Ólafsson hjá Jensen ráðgjöf og Arngrímur Blöndahl verkefnastjóri hjá Staðlaráði Íslands. Sveinn V Ólafsson veitti sérfræðiráðgjöf um m.a. málfar þýðingarinnar. Sveinn er með áralanga reynslu sem ráðgjafi í úttektum og hefur verið leiðbeinandi á námskeiðum um úttektir.

Þetta er fyrsta útgáfa staðalsins.

Þýðingin er einungis gerð til hagræðis fyrir íslenska notendur. Kappkostað hefur verið að hafa íslenska textann eins nákvæman og framast er unnt. Engu að síður getur Staðlaráð Íslands ekki ábyrgst að þýðingin endurspegli nákvæmlega merkingu frumtextans, orð fyrir orð. Af þessum sökum er enski textinn birtur við hlið hins íslenska og í hann ber að leita komi til deilumála um túlkun ákvæða í staðlinum. Staðlarnir eru í stöðugri endurskoðun og þar með íslenska þýðingin. Notendur staðlanna eru eindregið hvattir til að koma athugasemdum og ábendingum til Staðlaráðs Íslands.

ÍST EN ISO 19011:2018

EVROPSKUR STAÐALL
EUROPEAN STANDARD
NORME EUROPÉENNE
EUROPÄISCHE NORM

ÍST EN ISO 19011

Júlí 2018

ICS 03.100.70; 03.120.20

Kemur í stað EN ISO 19011:2011

Íslensk útgáfa

Leiðbeiningar um úttektir á stjórnunarkerfum (ISO 19011:2018) Guidelines for auditing management systems

Lignes directrices pour l'audit des systèmes de –
Managementsystemen (ISO 19011:2018)

Leitfaden zur Auditierung von
Managementsystemen (ISO 19011:2018)

Þessi evrópski staðall var samþykktur af CEN 18. júní 2018

Þessi staðall er hin íslenska útgáfa evrópska staðalsins EN ISO 19011:2018. Hann var þýddur af Staðlaráði Íslands. Hann hefur sama gildi og opinberu útgáfurnar.

Þessi evrópski staðall var samþykktur af CEN 18. júní 2018.

Meðlimir CEN eru skyldugir til að uppfylla þær kröfur starfsreglna CEN/CENELEC sem greina frá skilyrðum þess að þessi evrópski staðall sé gerður að landsstaðli án nokkurra breytinga. Hægt er að fá nýjustu lista og skráningartilvísanir sem varða slíka landsstaðla með því að biðja um slíkt hjá aðalskrifstofu CEN-CENELEC eða hjá hvaða CEN meðlim sem er.

Þessi evrópski staðall er til í þremur opinberum útgáfum (ensku, frönsku og þýsku). Útgáfa á öðru tungumáli, þar sem meðlimur CEN þýðir yfir á sitt tungumál á eigin ábyrgð og tilkynnir um útgáfuna til aðalskrifstofu CEN-CENELEC, hefur sama gildi og opinberu útgáfurnar.

Meðlimir CEN eru landsstaðlaráð Austurríkis, Belgíu, Búlgaríu, Króatíu, Kýpur, Danmerkur, Eistlands Finnlands, Frakklands, Grikklands, Hollands, Írlands, Íslands, Ítalíu, Lettlands, Litháen, Lúxemborgar, Makedóníu, Möltu, Noregs, Póllands, Portúgals, Slóveníu, Slóvakíu, Rúmeníu, Spánar, Stóra-Bretlands, Sviss, Svíþjóðar, Tékklands, Tyrklands, Ungverjalands og Þýskalands.

EUROPEAN COMMITTEE FOR STANDARDIZATION
COMITÉ EUROPÉEN DE NORMALISATION
EUROPÄISCHES KOMITEE FÜR NORMUNG

CEN-CENELEC aðalskrifstofa: Rue de la Science 23, B-1040 Brussels

ÍST EN ISO 19011:2018

Formáli evrópska staðalsins

Þetta skjal (EN ISO 19011:2018) var samið af tækninefndinni ISO/PC 302 "Guidelines for auditing management systems" (Leiðbeiningar um úttektir á stjórnunarkerfum) í samstarfi við CCMC.

Þessi evrópski staðall skal fá gildi landsstaðals, annaðhvort með útgáfu alsams texta eða með staðfestingu upprunalegu útgáfunnar, í síðasta lagi fyrir lok janúar 2019, og landsstaðlar sem innihalda kröfur sem stangast á við kröfur þessa staðals skulu jafnframt felldir úr gildi í síðasta lagi fyrir lok janúar 2019.

Athygli er vakin á því að sum atriði í þessum alþjóðastaðli gætu fallið undir einkaleyfi. CEN ber ekki ábyrgð á að greina einhver eða öll slík einkaleyfi.

Þetta skjal kemur í stað EN ISO 19011:2011.

Samkvæmt starfsreglum CEN/CENELEC eru eftirtalin lönd skyldug til að innleiða þennan evrópska staðal: Austurríki, Belgía, Búlgaría, Króatía, Kýpur, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Makedónía, Malta, Noregur, Pólland, Portúgal, Slóvenía, Slóvakía, Rúmenía, Spánn, Stóra-Bretland, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland, Ungverjaland og Þýskaland.

Yfirlýsing um samþykkt:

Texti alþjóðastaðalsins ISO 19011:2018 var samþykktur óbreyttur af CEN sem EN ISO 19011:2018.

ÍST EN ISO 19011:2018

European foreword

This document (EN ISO 19011:2018) has been prepared by Technical Committee ISO/PC 302 „Guidelines for auditing management systems“ in collaboration with CCMC.

This European Standard shall be given the status of a national standard, either by publication of an identical text or by endorsement, at the latest by January 2019, and conflicting national standards shall be withdrawn at the latest by January 2019.

Attention is drawn to the possibility that some of the elements of this document may be the subject of patent rights. CEN shall not be held responsible for identifying any or all such patent rights.

This document supersedes EN ISO 19011:2011.

This document has been prepared under a mandate given to CEN by the European Commission and the European Free Trade Association.

According to the CEN-CENELEC Internal Regulations, the national standards organizations of the following countries are bound to implement this European Standard: Austria, Belgium, Bulgaria, Croatia, Cyprus, Czech Republic, Denmark, Estonia, Finland, Former Yugoslav Republic of Macedonia, France, Germany, Greece, Hungary, Iceland, Ireland, Italy, Latvia, Lithuania, Luxembourg, Malta, Netherlands, Norway, Poland, Portugal, Romania, Serbia, Slovakia, Slovenia, Spain, Sweden, Switzerland, Turkey and the United Kingdom.

Endorsement notice

The text of ISO 19011:2018 has been approved by CEN as EN ISO 19011:2018 without any modification.

ÍST EN ISO 19011:2018

Efnisyfirlit

Formáli íslensku þýðingarinnar _____	4	6	Framkvæmd úttektar _____	44	
Formáli evrópska staðalsins _____	6	6.1	Almennt _____	44	
Formáli _____	10	6.2	Upphaf úttektar _____	44	
Inngangur _____	12	6.3	Undirbúningur úttektarathafna _____	46	
1	Umfang _____	14	6.4	Framkvæmd úttektarathafna _____	50
2	Tilvísanir í staðla _____	14	6.5	Undirbúningur og dreifing úttektar- skýrslu _____	60
3	Hugtök og skilgreiningar _____	14	6.6	Lok úttektar _____	62
4	Meginreglur úttekta _____	22	6.7	Framkvæmd eftirfylgni við úttekt _____	62
5	Stjórnun úttektaráætlunar _____	24	7	Hæfni og mat á úttektarmönnum _____	62
5.1	Almennt _____	24	7.1	Almennt _____	62
5.2	Markmið úttektaráætlunar sett fram _____	30	7.2	Ákvörðun um hæfni úttektarmanns _____	64
5.3	Ákvörðun og mat á áhættu og tækifærum úttektaráætlunar _____	30	7.3	Að setja fram matsviðmið úttektarmanns _____	70
5.4	Úttektaráætlunin sett fram _____	32	7.4	Val á viðeigandi aðferð við mat á úttektarmanni _____	70
5.5	Innleiðing úttektaráætlunar _____	34	7.5	Framkvæmd mats á úttektarmanni _____	72
5.6	Vöktun úttektaráætlunar _____	42	7.6	Viðhald og bæting á hæfni úttektarmanns _____	72
5.7	Rýni og umbætur á úttektaráætlun _____	42	Viðauki A (til upplýsingar) _____	74	

ÍST EN ISO 19011:2018

Contents

European foreword _____	7	6	Conducting an audit _____	45	
Foreword _____	11	6.1	General _____	45	
Introduction _____	13	6.2	Initiating audit _____	45	
1	Scope _____	15	6.3	Preparing audit activities _____	47
2	Normative references _____	15	6.4	Conducting audit activities _____	51
3	Terms and definitions _____	15	6.5	Preparing and distributing audit report_	61
4	Principles of auditing _____	23	6.6	Completing audit _____	63
5	Managing an audit programme _____	25	6.7	Conducting audit follow-up _____	63
5.1	General _____	25	7	Competence and evaluation of auditors _____	63
5.2	Establishing audit programme objectives _____	31	7.1	General _____	63
5.3	Determining and evaluating audit programme risks and opportunities _____	31	7.2	Determining auditor competence _____	65
5.4	Establishing the audit programme _____	33	7.3	Establishing auditor evaluation criteria_	71
5.5	Implementing audit programme _____	35	7.4	Selecting appropriate auditor evaluation method _____	71
5.6	Monitoring audit programme _____	43	7.5	Conducting auditor evaluation _____	73
5.7	Reviewing and improving audit programme _____	43	7.6	Maintaining and improving auditor competence _____	73
			Annex A (informative) _____	75	

ÍST EN ISO 19011:2018

Formáli

ISO (International Organization for Standardization – Alþjóðlegu staðlasamtökin) eru alþjóðleg samtök staðlastofnana einstakra landa (ISO meðlima). Vinna við samningu alþjóðastaðla fer venjulega fram í tækninefndum ISO. Sérhver meðlimur, sem hefur áhuga á því efnissviði sem tækninefnd hefur verið stofnuð um, á rétt á að eiga fulltrúa í nefndinni. Alþjóðlegar stofnanir, bæði ríkisstofnanir og aðrar stofnanir, taka einnig þátt í starfinu í samvinnu við ISO. ISO hefur einnig náð samstarf við Alþjóðaraftækniráðið (International Electrotechnical Commission, IEC) í öllum þáttum er varða stöðlun á sviði raftækni.

Verklagsreglunum sem notaðar voru við þróun þessa skjals og þeim sem ætlaðar eru til þess að viðhalda því er lýst í 1. hluta Vinnureglna ISO/IEC. Einkum ætti að huga að þeim mismunandi samþykkisviðmiðum sem þörf er á fyrir hinar mismunandi tegundir ISO skjala. Skjal þetta var samið í samræmi við ritstjórnarreglurnar í 2. hluta Vinnureglna ISO/IEC (sjá www.iso.org/patents).

Athygli er vakin á þeim möguleika, að sumir þættir þessa skjals kunna að vera háðir einkaleyfi. ISO ber ekki ábyrgð á því að tilgreina einhver eða öll slík einkaleyfi. Upplýsingar um einkaleyfisréttindi sem í ljós komu við þróun skjalsins verður að finna í innganginum og/eða í skrá ISO um yfirlýsingar um einkaleyfisréttindi sem borist hafa (sjá www.iso.org/patents).

Viðskiptaheiti sem gætu verið notuð eru í skjali þessu eru upplýsingar sem veittar eru til hagræðis fyrir notendur og ekki er ætlunin að gefa í skyn stuðning við þau.

Skýringar á merkingu sérstakra hugtaka ISO og orðasambanda sem tengjast samræmismati, svo og upplýsingar um efndir ISO á grundvallarreglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) varðandi tæknilegar viðskiptahindranir (TBT) má finna á eftirfarandi slóð: www.iso.org/iso/foreword.html.

Skjal þetta var útbúið af Verkefnisnefnd ISO/PC 302, Leiðbeiningar um úttektir á stjórnunarkerfum.

Þessi þriðja útgáfa fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir aðra útgáfu (ISO 19011:2011), sem hefur verið tæknilega endurskoðuð.

Helsti mismunur borið saman við aðra útgáfu er:

- viðbót áhættumiðaðrar nálgunar við meginreglur úttekta,
- ítarlegri leiðsögn um stjórnun úttektaráætlunar, þ.m.t. áhætta úttektaráætlunar,
- ítarlegri leiðsögn um hvernig á að framkvæma úttekt, einkum í kaflanum um skipulagningu úttektar,
- ítarlegri krafa um almenna hæfni úttektarmanna,
- aðlögun iðorðasafns til að endurspegla ferlið en ekki viðfangið („hlutinn“).
- niðurfelling viðaukans sem inniheldur hæfniskröfur fyrir úttekt á tilteknum stjórnunarkerfum fagsviða (vegna fjölmargra einstakra stjórnunarkerfisstaðla væri ekki hentugt að vera með hæfniskröfur fyrir öll fagsvið),
- viðbót við viðauka A til að veita leiðsögn um (ný) úttektarhugtök eins og samhengi skipulagsheildar, forystu og skuldbindingu, sýndarúttektir, hlítingu og aðfangakeðju.

ÍST EN ISO 19011:2018

Foreword

ISO (the International Organization for Standardization) is a worldwide federation of national standards bodies (ISO member bodies). The work of preparing International Standards is normally carried out through ISO technical committees. Each member body interested in a subject for which a technical committee has been established has the right to be represented on that committee. International organizations, governmental and non-governmental, in liaison with ISO, also take part in the work. ISO collaborates closely with the International Electrotechnical Commission (IEC) on all matters of electrotechnical standardization.

The procedures used to develop this document and those intended for its further maintenance are described in the ISO/IEC Directives, Part 1. In particular the different approval criteria needed for the different types of ISO documents should be noted. This document was drafted in accordance with the editorial rules of the ISO/IEC Directives, Part 2 (see www.iso.org/directives).

Attention is drawn to the possibility that some of the elements of this document may be the subject of patent rights. ISO shall not be held responsible for identifying any or all such patent rights. Details of any patent rights identified during the development of the document will be in the Introduction and/or on the ISO list of patent declarations received (see www.iso.org/patents).

Any trade name used in this document is information given for the convenience of users and does not constitute an endorsement.

For an explanation on the voluntary nature of standards, the meaning of ISO specific terms and expressions related to conformity assessment, as well as information about ISO's adherence to the World Trade Organization (WTO) principles in the Technical Barriers to Trade (TBT) see the following URL: www.iso.org/iso/foreword.html.

This document was prepared by Project Committee ISO/PC 302, Guidelines for auditing management systems.

This third edition cancels and replaces the second edition (ISO 19011:2011), which has been technically revised.

The main differences compared to the second edition are as follows:

- addition of the risk-based approach to the principles of auditing;
- expansion of the guidance on managing an audit programme, including audit programme risk;
- expansion of the guidance on conducting an audit, particularly the section on audit planning;
- expansion of the generic competence requirements for auditors;
- adjustment of terminology to reflect the process and not the object (“thing”);
- removal of the annex containing competence requirements for auditing specific management system disciplines (due to the large number of individual management system standards, it would not be practical to include competence requirements for all disciplines);
- expansion of Annex A to provide guidance on auditing (new) concepts such as organization context, leadership and commitment, virtual audits, compliance and supply chain.

ÍST EN ISO 19011:2018

Inngangur

Síðan önnur útgáfa af þessu skjali var gefin út 2011 hafa nokkrir nýir stjórnunarkerfisstaðlar verið gefnir út, margir þeirra eru svipaðir að uppbyggingu, hafa sambærilegar kröfur í meginatriðum og svipuð hugtök og megin-skilgreiningar. Afleiðing þess er þörf á að íhuga víðari nálgun fyrir úttektir á stjórnunarkerfum og veita almennari leiðsögn. Niðurstöður úttekta geta verið ílag í greiningarhluta fyrir skipulagningu rekstursins og getur stuðlað að því að bera kennsl á starfsemi og þörf fyrir umbætur.

Hægt er að framkvæma úttektir byggðar á mismunandi úttektarviðmiðum, hverju fyrir sig eða saman, að meðtöldu en takmarkast ekki við:

- kröfur sem skilgreindar eru í einum eða fleiri stjórnunarkerfisstöðlum,
- stefnur og kröfur sem viðeigandi hagsmunaaðilar tilgreina,
- lögboðnar kröfur og stjórnvaldskröfur,
- skipulag stjórnunarkerfis(a) sem tengjast ákvæðum um tiltekið frálög stjórnunarkerfis (t.d. gæðaskipulag, verkefna-skipulag).

Í þessu skjali er veitt leiðsögn fyrir skipulagsheildir af öllum stærðum og gerðum og úttektir af mismunandi umfangi og skala, þar með talið þær sem stór úttektarteymi framkvæma, yfirleitt hjá stórum skipulagsheildum, og þær sem stakir úttektarmenn framkvæma, hvort sem er í stórum eða litlum skipulagsheildum. Aðlaga ætti þessa leiðsögn eins og hæfir umfangi, flækjustigi og skala úttektaráætlunarinnar.

Í þessu skjali er áhersla á innri úttektir (úttektir fyrsta aðila) og úttektir sem skipulagsheildir framkvæma á ytri veitendum sínum og öðrum ytri hagsmunaaðilum (úttektir annars aðila). Þetta skjal getur einnig verið nytsamlegt fyrir ytri úttektir sem framkvæmdar eru í öðrum tilgangi en þeim að fá vottun á stjórnunarkerfi frá þriðja aðila. ISO/IEC 17021-1 kveður á um kröfur fyrir úttektir á stjórnunarkerfum fyrir vottun þriðja aðila; þetta skjal getur veitt nytsamlega auka-leiðsögn (sjá töflu 1).

Tafla 1 – Mismunandi gerðir úttekta

Úttekt fyrsta aðila	Úttekt annars aðila	Úttekt þriðja aðila
Innri úttekt	Úttekt á ytri veitanda	Vottunar- og/eða faggildingarúttekt
	Úttekt annars ytri hagsmunaaðila	Lögboðnar, stjórnvalds- og aðrar álíka úttektir

Til að einfalda lestur á þessu skjali er eintöluform „stjórnunarkerfis“ kosið en lesandinn getur aðlagað útfærslu leiðsagnarinnar að eigin aðstæðum. Þetta á einnig við um notkun orðanna „einstaklingur“ og „einstaklingar“, „úttektar-maður“ og „úttektarmenn“.

Þessu skjali er ætlað að gilda um margs konar mögulega notendur, þar með talda úttektarmenn, skipulagsheildir sem innleiða stjórnunarkerfi og skipulagsheildir sem þurfa að framkvæma úttektir á stjórnunarkerfum vegna samninga eða stjórnvaldskrafna. Hins vegar geta notendur þessa skjals beitt þessari leiðsögn til að þróa eigin úttektartengdar kröfur.

Einnig er hægt að nota leiðsögnina í þessu skjali fyrir eigin yfirlýsingar og þær geta verið nytsamlegar fyrir skipulagsheildir sem taka þátt í þjálfun úttektarmanna eða vottun starfsfólks.

Leiðsögninni í þessu skjali er ætlað að vera sveigjanleg. Eins og fram kemur á mörgum stöðum í textanum getur notkun þessarar leiðsagnar verið mismunandi eftir því hversu stórt og hversu þroskað stjórnunarkerfi skipulagsheildar er. Einnig ætti íhuga eðli og flækjustig skipulagsheildarinnar sem á að taka út, sem og markmið og umfang úttektanna sem framkvæma á.

Í þessu skjali er notuð nálgun sameinaðrar úttektar ef tvö eða fleiri stjórnunarkerfi með mismunandi fagsviðum eru tekin út saman. Þar sem þessi kerfi eru samþætt í eitt stjórnunarkerfi eru meginreglur og ferli úttekta hin sömu og fyrir sameinaða úttekt (einnig þekkt sem samþætt úttekt).

Í þessu skjali er veitt leiðsögn um stjórnun úttektaráætlunar, um skipulagningu og framkvæmd úttektar á stjórnunarkerfi, svo og um hæfni og mat á úttektarmanni og úttektarteymi.

ÍST EN ISO 19011:2018

Introduction

Since the second edition of this document was published in 2011, a number of new management system standards have been published, many of which have a common structure, identical core requirements and common terms and core definitions. As a result, there is a need to consider a broader approach to management system auditing, as well as providing guidance that is more generic. Audit results can provide input to the analysis aspect of business planning, and can contribute to the identification of improvement needs and activities.

An audit can be conducted against a range of audit criteria, separately or in combination, including but not limited to:

- requirements defined in one or more management system standards;
- policies and requirements specified by relevant interested parties;
- statutory and regulatory requirements;
- one or more management system processes defined by the organization or other parties;
- management system plan(s) relating to the provision of specific outputs of a management system (e.g. quality plan, project plan).

This document provides guidance for all sizes and types of organizations and audits of varying scopes and scales, including those conducted by large audit teams, typically of larger organizations, and those by single auditors, whether in large or small organizations. This guidance should be adapted as appropriate to the scope, complexity and scale of the audit programme.

This document concentrates on internal audits (first party) and audits conducted by organizations on their external providers and other external interested parties (second party). This document can also be useful for external audits conducted for purposes other than third party management system certification. ISO/IEC 17021-1 provides requirements for auditing management systems for third party certification; this document can provide useful additional guidance (see Table 1).

Table 1 – Different types of audits

1 st party audit	2 nd party audit	3 rd party audit
Internal audit	External provider audit	Certification and/or accreditation audit
	Other external interested party audit	Statutory, regulatory and similar audit

To simplify the readability of this document, the singular form of “management system” is preferred, but the reader can adapt the implementation of the guidance to their own situation. This also applies to the use of “individual” and “individuals”, “auditor” and “auditors”.

This document is intended to apply to a broad range of potential users, including auditors, organizations implementing management systems and organizations needing to conduct management system audits for contractual or regulatory reasons. Users of this document can, however, apply this guidance in developing their own audit-related requirements.

The guidance in this document can also be used for the purpose of self-declaration and can be useful to organizations involved in auditor training or personnel certification.

The guidance in this document is intended to be flexible. As indicated at various points in the text, the use of this guidance can differ depending on the size and level of maturity of an organization’s management system. The nature and complexity of the organization to be audited, as well as the objectives and scope of the audits to be conducted, should also be considered.

This document adopts the combined audit approach when two or more management systems of different disciplines are audited together. Where these systems are integrated into a single management system, the principles and processes of auditing are the same as for a combined audit (sometimes known as an integrated audit).

This document provides guidance on the management of an audit programme, on the planning and conducting of management system audits, as well as on the competence and evaluation of an auditor and an audit team.

ÍST EN ISO 19011:2018

Leiðbeiningar um úttektir á stjórnunarkerfum

1 Umfang

Í þessu skjali er veitt leiðsögn um úttektir á stjórnunarkerfum, þar með talið meginreglur úttekta, stjórnun úttektaráætlunar og framkvæmd stjórnunarkerfisúttekta, sem og leiðsögn um mat á hæfni einstaklinga sem koma að úttektarferlinu. Einstaklingurinn/arnir sem stjórna úttektaráætluninni, úttektarmenn og úttektarteymi eru meðtaldir í þessum athöfnum.

Þetta á við um allar skipulagsheildir sem þurfa að skipuleggja og framkvæma innri eða ytri úttektir á stjórnunarkerfum eða stjórna úttektaráætlun.

Að beita þessu skjali á aðrar tegundir úttekta er mögulegt, að því tilskildu að þeirri tilteknu hæfni sem þörf er á sé gefinn sérstakur gaumur.

2 Tilvísanir í staðla

Engar tilvísanir í staðla er að finna í þessu skjali.

3 Hugtök og skilgreiningar

Í skjali þessu gilda eftirfarandi hugtök og skilgreiningar.

Á vegum ISO og IEC eru starfræktir íðorðabankar til nota við stöðlun á eftirfarandi vefsíðum:

- ISO netvafri: <https://www.iso.org/obp>
- Raftækniórðasafn IEC (Electropedia): sjá <http://www.electropedia.org/>

3.1

úttekt

kerfisbundið, óháð og skjalfest ferli sem miðar að því að afla *hlutlægra sannana* (3.8) og meta þær hlutlægt í því skyni að ákvarða að hve miklu leyti *úttektarviðmið* (3.7) eru uppfyllt

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Innri úttektir, sem stundum eru nefndar úttektir fyrsta aðila, eru framkvæmdar af hálfu, eða fyrir hönd, skipulagsheildarinnar.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Ytri úttektir innifela almennt þær úttektir sem eru kallaðar úttektir annars aðila og þriðja aðila. Úttektir annars aðila eru framkvæmdar af aðilum sem hafa hagsmuni af skipulagsheildinni, svo sem viðskiptavinum eða af öðrum einstaklingum fyrir þeirra hönd. Úttektir þriðja aðila eru framkvæmdar af óháðum úttektaraðilum, svo sem þeim sem veita vottun/skráningu á samræmi, eða af opinberum aðilum.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.1, með breytingum – Athugasemdum við skilgreiningu hefur verið breytt]

3.2

sameinuð úttekt

úttekt (3.1) sem framkvæmd er samhlíða hjá sömu *úttektareiningu* (3.13) á tveimur eða fleiri *stjórnunarkerfum* (3.18)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Þegar tvö eða fleiri stjórnunarkerfi innan tiltekins fagsviðs eru samþætt í eitt stjórnunarkerfi þá er það þekkt sem samþætt stjórnunarkerfi.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.2, með breytingum]

3.3

sameiginleg úttekt

úttekt (3.1) sem framkvæmd er hjá einni *úttektareiningu* (3.13) af tveimur eða fleiri skipulagsheildum sem annast úttektir

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.3]

ÍST EN ISO 19011:2018

Guidelines for auditing management systems

1 Scope

This document provides guidance on auditing management systems, including the principles of auditing, managing an audit programme and conducting management system audits, as well as guidance on the evaluation of competence of individuals involved in the audit process. These activities include the individual(s) managing the audit programme, auditors and audit teams.

It is applicable to all organizations that need to plan and conduct internal or external audits of management systems or manage an audit programme.

The application of this document to other types of audits is possible, provided that special consideration is given to the specific competence needed.

2 Normative references

There are no normative references in this document.

3 Terms and definitions

For the purposes of this document, the following terms and definitions apply.

ISO and IEC maintain terminological databases for use in standardization at the following addresses:

- ISO Online browsing platform: available at <https://www.iso.org/obp>
- IEC Electropedia: available at <http://www.electropedia.org/>

3.1 audit

systematic, independent and documented process for obtaining *objective evidence* (3.8) and evaluating it objectively to determine the extent to which the *audit criteria* (3.7) are fulfilled

Note 1 to entry: Internal audits, sometimes called first party audits, are conducted by, or on behalf of, the organization itself.

Note 2 to entry: External audits include those generally called second and third party audits. Second party audits are conducted by parties having an interest in the organization, such as customers, or by other individuals on their behalf. Third party audits are conducted by independent auditing organizations, such as those providing certification/registration of conformity or governmental agencies.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.1, modified — Notes to entry have been modified]

3.2 combined audit

audit (3.1) carried out together at a single *auditee* (3.13) on two or more *management systems* (3.18)

Note 1 to entry: When two or more discipline-specific management systems are integrated into a single management system this is known as an integrated management system.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.2, modified]

3.3 joint audit

audit (3.1) carried out at a single *auditee* (3.13) by two or more auditing organizations

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.3]

ÍST EN ISO 19011:2018

3.4

úttektaráætlun

fyrirkomulag *úttektar* eða *úttekta* (3.1) sem skipulagðar eru innan tilgreinds tímaramma í tilgreindum tilgangi

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.4, með breytingum – texta hefur verið bætt við skilgreininguna]

3.5

umfang úttektar

yfirgríp og mörk *úttektar* (3.1)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Umfang úttektar inniheldur vanalega lýsingu á raunlægrri staðsetningu og sýndarstaðsetningu, verksvið, einingum skipulagsheildarinnar, starfsemi og ferlum, og þeim tíma sem úttektin nær yfir.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Sýndarstaðsetning er þar sem skipulagsheild framkvæmir vinnu eða veitir þjónustu í nettengdu umhverfi sem gefur einstaklingum færi á að sinna störfum, án tillits til raunlægrar staðsetningar.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.5, með breytingum – athugasemd 1 við skilgreiningu hefur verið breytt, athugasemd 2 við skilgreiningu hefur verið bætt við]

3.6

úttektarskipulag

lýsing á athöfnum og tilhögun *úttektar* (3.1)

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.6]

3.7

úttektarviðmið

safn af *kröfum* (3.23), sem hafðar eru til samanburðar við *hlutlægar sannanir* (3.8)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Ef úttektarviðmið eru lagalegar kröfur (þar með taldar lögboðnar kröfur og stjórnvaldskröfur), eru orðin „reglufylgni/hlíting“ eða „vanefndir“ oft notuð í *úttektarniðurstöðum* (3.10).

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Kröfur geta innihaldið stefnur, verklagsreglur, vinnulýsingar, lagalegar kröfur, samningsbundna skyldu o.s.frv.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.7, með breytingum – skilgreiningunni hefur verið breytt og athugasemdum við skilgreiningu 1 og 2 hefur verið bætt við]

3.8

hlutlægar sannanir

gögn sem styðja tilvist eða sannleika einhvers

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Hlutlægum sönnunum er hægt að ná fram með athugunum, mælingum, prófunum eða öðrum hætti.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Hlutlægar sannanir vegna *úttektar* (3.1) samanstanda yfirleitt af skrá, yfirlýsingum um staðreyndir eða öðrum upplýsingum sem varða *úttektarviðmið* (3.7) og eru sannprófanlegar.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.8.3]

3.9

sönnunargögn úttektar

skrár, yfirlýsingar um staðreyndir eða aðrar upplýsingar sem varða *úttektarviðmið* (3.7) og eru sannprófanlegar

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.8]

ÍST EN ISO 19011:2018

3.4

audit programme

arrangements for a set of one or more *audits* (3.1) planned for a specific time frame and directed towards a specific purpose

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.4, modified — wording has been added to the definition]

3.5

audit scope

extent and boundaries of an *audit* (3.1)

Note 1 to entry: The audit scope generally includes a description of the physical and virtual-locations, functions, organizational units, activities and processes, as well as the time period covered.

Note 2 to entry: A virtual location is where an organization performs work or provides a service using an on-line environment allowing individuals irrespective of physical locations to execute processes.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.5, modified — Note 1 to entry has been modified, Note 2 to entry has been added]

3.6

audit plan

description of the activities and arrangements for an *audit* (3.1)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.6]

3.7

audit criteria

set of *requirements* (3.23) used as a reference against which *objective evidence* (3.8) is compared

Note 1 to entry: If the audit criteria are legal (including statutory or regulatory) requirements, the words “compliance” or “non-compliance” are often used in an *audit finding* (3.10).

Note 2 to entry: Requirements may include policies, procedures, work instructions, legal requirements, contractual obligations, etc.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.7, modified — the definition has been changed and Notes to entry 1 and 2 have been added]

3.8

objective evidence

data supporting the existence or verity of something

Note 1 to entry: Objective evidence can be obtained through observation, measurement, test or by other means.

Note 2 to entry: Objective evidence for the purpose of the *audit* (3.1) generally consists of records, statements of fact, or other information which are relevant to the *audit criteria* (3.7) and verifiable.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.8.3]

3.9

audit evidence

records, statements of fact or other information, which are relevant to the *audit criteria* (3.7) and verifiable

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.8]

ÍST EN ISO 19011:2018

3.10

niðurstöður úttektar

niðurstöður mats á fyrirliggjandi *sönnunargögnum úttektar* (3.9) þegar þau eru borin saman við *úttektarviðmið* (3.7)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Niðurstöður úttektar gefa til kynna *samræmi* (3.20) eða *frábrigði* (3.21).

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Niðurstöður úttektar geta leitt í ljós hættur, tækifæri til umbóta eða skráningar á góðum starfsvenjum.

Athugasemd 3 við skilgreiningu: Á ensku, ef úttektarviðmið eru valin úr lögboðnum kröfum eða stjórnvaldskröfum, eru úttektarniðurstöður kallaðar „compliance“ (reglufylgni/hlíting) eða „non-compliance“ (vanefndir).

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.9, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningar 2 og 3 hefur verið breytt]

3.11

úttektarályktun

útkoma *úttektar* (3.1), að teknu tilliti til markmiða úttektarinnar og allra *niðurstaðna úttektar* (3.10)

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.10]

3.12

úttektarþegi

skipulagsheild eða einstaklingur sem óskar eftir *úttekt* (3.1)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Ef um er að ræða innri úttekt getur úttektarþeginn einnig verið *úttektareiningin* (3.13) eða einstaklingurinn/arnir sem stjórnar/stjórna úttektaráætluninni. Fyrirspurnir um ytri úttekt geta komið frá aðilum svo sem stjórnvöldum, samningsaðilum eða mögulegum legum eða núverandi viðskiptavinum.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.11, með breytingum – athugasemd 1 við skilgreiningu hefur verið bætt við]

3.13

úttektareining

skipulagsheild sem verið er að gera úttekt á í heild sinni eða hlutum hennar

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.12, með breytingum]

3.14

úttektarteymi

einn eða fleiri einstaklingar sem framkvæma *úttekt* (3.1) með stuðningi *faglegra sérfræðinga* (3.16) ef þörf krefur

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Einn *úttektarmaður* (3.15) úr *úttektarteyminu* (3.14) er skipaður sem úttektarstjóri.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Í úttektarteymi kunna að vera úttektarmenn í þjálfun.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.14]

3.15

úttektarmaður

einstaklingur sem framkvæmir *úttekt* (3.1)

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.15]

3.16

faglegur sérfræðingur

<úttektar> einstaklingur sem leggur af mörkum tiltekna þekkingu eða sérfræðikunnáttu til úttektarteymisins (3.14)

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Tiltekin þekking eða sérfræðikunnátt varðar skipulagsheildina, athöfnina, ferlið, vöruna, þjónustuna, fagsviðið sem er til úttektar, tungumál eða menningu.

ÍST EN ISO 19011:2018

3.10 audit findings

results of the evaluation of the collected *audit evidence* (3.9) against *audit criteria* (3.7)

Note 1 to entry: Audit findings indicate *conformity* (3.20) or *nonconformity* (3.21).

Note 2 to entry: Audit findings can lead to the identification of risks, opportunities for improvement or recording good practices.

Note 3 to entry: In English if the audit criteria are selected from statutory requirements or regulatory requirements, the audit finding is termed compliance or non-compliance.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.9, modified – Notes to entry 2 and 3 have been modified]

3.11 audit conclusion

outcome of an *audit* (3.1), after consideration of the audit objectives and all *audit findings* (3.10)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.10]

3.12 audit client

organization or person requesting an *audit* (3.1)

Note 1 to entry: In the case of internal audit, the audit client can also be the *auditee* (3.13) or the individual(s) managing the audit programme. Requests for external audit can come from sources such as regulators, contracting parties or potential or existing clients.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.11, modified – Note 1 to entry has been added]

3.13 auditee

organization as a whole or parts thereof being audited

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.12, modified]

3.14 audit team

one or more persons conducting an *audit* (3.1), supported if needed by *technical experts* (3.16)

Note 1 to entry: One *auditor* (3.15) of the *audit team* (3.14) is appointed as the audit team leader.

Note 2 to entry: The audit team can include auditors-in-training.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.14]

3.15 auditor

person who conducts an *audit* (3.1)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.15]

3.16 technical expert

<audit> person who provides specific knowledge or expertise to the *audit team* (3.14)

Note 1 to entry: Specific knowledge or expertise relates to the organization, the activity, process, product, service, discipline to be audited, or language or culture.

ÍST EN ISO 19011:2018

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Faglegur sérfræðingur starfar ekki sem *úttektarmaður* (3.15) í *úttektarteyminu* (3.14).

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.16, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningar 1 og 2 hefur verið breytt]

3.17

áheyrnarfulltrúi

einstaklingur sem fylgir *úttektarteyminu* (3.14) en starfar ekki sem *úttektarmaður* (3.15)

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.13.17, með breytingum]

3.18

stjórnunarkerfi

safn innbyrðis tengdra eða gagnverkandi hluta skipulagsheildar til þess að koma á stefnum, markmiðum og *ferlum* (3.24) til þess að ná þessum markmiðum

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Stjórnunarkerfi getur tekið til eins fagsviðs eða nokkurra fagsviða, t.d. gæðastjórnunar, fjármálastjórnunar eða umhverfisstjórnunar.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Hlutar stjórnunarkerfisins mynda uppbyggingu skipulagsheildarinnar, hlutverk og ábyrgð, skipulagningu, rekstur, stefnur, starfshætti, reglur, skoðanir, markmið og ferli til þess að ná þessum markmiðum.

Athugasemd 3 við skilgreiningu: Umfang stjórnunarkerfis getur tekið til skipulagsheildarinnar í heild, tiltekinn og tilgreindra verksviða skipulagsheildarinnar, tiltekinn og tilgreindra hluta skipulagsheildarinnar eða eins eða fleiri verksviða þvert á hóp skipulagsheilda.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.5.3, með breytingum – athugasemd 4 við skilgreiningu hefur verið eytt]

3.19

áhætta

áhrif óvissu

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Áhrif eru frávik frá því sem búist er við – jákvæð eða neikvæð.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Óvissa er það ástand, jafnvel þótt það sé aðeins að hluta til, þegar skortur er á upplýsingum, skilningi eða þekkingu, sem tengist atburði, afleiðingum hans og líkum á að hann verði.

Athugasemd 3 við skilgreiningu: Áhættu er oft lýst með vísan til mögulegra atburða (ISO leiðbeiningar 73:2009, 3.5.1.3) og afleiðinga (ISO leiðbeiningar 73:2009, 3.6.1.3), eða samsetningar þeirra.

Athugasemd 4 við skilgreiningu: Áhætta er oft sett fram sem samsetning af afleiðingum atburðar (þ.m.t. breytingum á aðstæðum) og tilheyrandi líkum (ISO leiðbeiningar 73:2009, 3.6.1.1) á því að hann eigi sér stað.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.7.9, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningar 5 og 6 hefur verið eytt]

3.20

samræmi

það að *krafa* (3.23) er uppfyllt

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.6.11, með breytingum – athugasemd 1 við skilgreiningu hefur verið eytt]

3.21

frábrigði

það að *krafa* (3.23) er ekki uppfyllt

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.6.9, með breytingum – athugasemd 1 við skilgreiningu hefur verið eytt]

ÍST EN ISO 19011:2018

Note 2 to entry: A technical expert to the *audit team* (3.14) does not act as an *auditor* (3.15).

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.16, modified — Notes to entry 1 and 2 have been modified]

3.17

observer

individual who accompanies the *audit team* (3.14) but does not act as an *auditor* (3.15)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.13.17, modified]

3.18

management system

set of interrelated or interacting elements of an organization to establish policies and objectives, and *processes* (3.24) to achieve those objectives

Note 1 to entry: A management system can address a single discipline or several disciplines, e.g. quality management, financial management or environmental management.

Note 2 to entry: The management system elements establish the organization's structure, roles and responsibilities, planning, operation, policies, practices, rules, beliefs, objectives and processes to achieve those objectives.

Note 3 to entry: The scope of a management system can include the whole of the organization, specific and identified functions of the organization, specific and identified sections of the organization, or one or more functions across a group of organizations.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.5.3, modified — Note 4 to entry has been deleted]

3.19

risk

effect of uncertainty

Note 1 to entry: An effect is a deviation from the expected – positive or negative.

Note 2 to entry: Uncertainty is the state, even partial, of deficiency of information related to, understanding or knowledge of, an event, its consequence and likelihood.

Note 3 to entry: Risk is often characterized by reference to potential events (as defined in ISO Guide 73:2009, 3.5.1.3) and consequences (as defined in ISO Guide 73:2009, 3.6.1.3), or a combination of these.

Note 4 to entry: Risk is often expressed in terms of a combination of the consequences of an event (including changes in circumstances) and the associated likelihood (as defined in ISO Guide 73:2009, 3.6.1.1) of occurrence.

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.7.9, modified — Notes to entry 5 and 6 have been deleted]

3.20

conformity

fulfilment of a *requirement* (3.23)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.6.11, modified — Note 1 to entry has been deleted]

3.21

nonconformity

non-fulfilment of a *requirement* (3.23)

[SOURCE: ISO 9000:2015, 3.6.9, modified — Note 1 to entry has been deleted]

ÍST EN ISO 19011:2018

3.22

hæfni

geta til að beita þekkingu og kunnáttu til þess að ná tilætluðum niðurstöðum

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.10.4, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningu hefur verið eytt]

3.23

krafa

þörf eða vænting sem er yfirlýst, almennt undirskilin eða skyldubundin

Athugasemd 1 við skilgreiningu: „Almennt undirskilin“ merkir að fyrir því sé hefð eða almenn venja hjá skipulagsheildinni og hagsmunaaðilum að þörfin eða væntingin sem um ræðir sé undirskilin.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Tilgreind krafa er krafa sem er yfirlýst, t.d. í skjalfestum upplýsingum.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.6.4, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningar 3, 4, 5 og 6 hefur verið eytt]

3.24

ferli

safn innbyrðis tengdra eða gagnverkandi athafna sem nota ílag til þess að ná fram tilætlaðri niðurstöðu

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.4.1, með breytingum – athugasemdum við skilgreiningu hefur verið eytt]

3.25

frammistaða

mælanleg niðurstaða

Athugasemd 1 við skilgreiningu: Frammistaða getur annaðhvort tengst megindlegum eða eigindlegum niðurstöðum.

Athugasemd 2 við skilgreiningu: Frammistaða getur tengst stjórnun á athöfnum, *ferlum* (3.24), vörum, þjónustu, kerfum eða skipulagsheildum.

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.7.8, með breytingum – athugasemd 3 við skilgreiningu hefur verið eytt]

3.26

markvirkni

það að hvaða marki skipulagðar athafnir eru framkvæmdar og skipulagðar niðurstöður hafa náðst

[HEIMILD: ISO 9000:2015, 3.7.11, með breytingum – athugasemd 1 við skilgreiningu hefur verið eytt]

4 Meginreglur úttekta

Úttekt auðkennist á tiltrú á nokkrum meginreglum. Þessar meginreglur ættu að hjálpa til við að gera úttektina að árangursríku og áreiðanlegu verkfæri, stjórnunarstefnum og stýringu til stuðnings, með því að afla upplýsinga sem skipulagsheild getur unnið eftir til að bæta frammistöðu sína. Fylgni við þessar meginreglur er forsenda þess að ná fram úttektarályktunum sem skipta máli og eru fullnægjandi og til að gera úttektarmönnum sem vinna sjálfstætt kleift að komast að svipuðum ályktunum við svipaðar kringumstæður.

Leiðsögnin sem gefin er í liðum 5 til 7 grundvallast á þeim sjö meginreglum sem útlistaðar eru hér fyrir neðan.

a) Heilindi: grundvöllur fagmennsku

Úttektarmenn og einstaklingurinn/arnir sem stjórna úttektaráætlunum ætti að:

- vinna starf sitt siðferðilega, heiðarlega og af ábyrgð,
Guides, appointed by the auditee, should assist the audit team and act on the request of the audit team leader or the auditor to which they have been assigned. Their responsibilities should include the following:

- a) assisting the auditors in identifying individuals to participate in interviews and confirming timings and locations;
- b) arranging access to specific locations of the auditee;
- c) ensuring that rules concerning location-specific arrangements for access, health and safety, environmental, security, confidentiality and other issues are known and respected by the audit team members and observers and any risks are addressed;
- d) witnessing the audit on behalf of the auditee, when appropriate;
- e) providing clarification or assisting in collecting information, when needed.

6.4.3 Conducting opening meeting

The purpose of the opening meeting is to:

- a) confirm the agreement of all participants (e.g. auditee, audit team) to the audit plan;
- b) introduce the audit team and their roles;
- c) ensure that all planned audit activities can be performed.

An opening meeting should be held with the auditee's management and, where appropriate, those responsible for the functions or processes to be audited. During the meeting, an opportunity to ask questions should be provided.

The degree of detail should be consistent with the familiarity of the auditee with the audit process. In many instances, e.g. internal audits in a small organization, the opening meeting may simply consist of communicating that an audit is being conducted and explaining the nature of the audit.

For other audit situations, the meeting may be formal and records of attendance should be retained. The meeting should be chaired by the audit team leader.

Introduction of the following should be considered, as appropriate:

- other participants, including observers and guides, interpreters and an outline of their roles;
- the audit methods to manage risks to the organization which may result from the presence of the audit team members.

ÍST EN ISO 19011:2018

Íhuga ætti staðfestingu á eftirtöldum atriðum, eins og við á:

- úttektarmarkmiðunum, umfangi og viðmiðum,
- úttektarskipulaginu og öðru viðeigandi fyrirkomulagi með úttektareiningunni, eins og dagsetningu og tíma fyrir lokafund, öllum millifundum með úttektarteymi og stjórnendum úttektareiningar og öllum breytingum sem þörf er á,
- formlegum samskiptaleiðum á milli úttektarteymis og úttektareiningar,
- tungumálinu sem nota á við úttekt,
- að úttektareiningin fái upplýsingar um framvindu úttektar meðan á henni stendur,
- tiltækileika þeirra auðlinda og aðstöðu sem úttektarteymið þarfnast,
- málefnum sem tengjast leynd og upplýsingavernd,
- viðeigandi aðgangi, heilbrigði og öryggi, vernd, neyðarástandi og öðru fyrirkomulagi fyrir úttektarteymi,
- starfsemi á staðnum sem getur haft áhrif á framkvæmd úttektarinnar.

Íhuga ætti kynningu á upplýsingum um eftirtalin atriði, eins og við á:

- aðferðinni við skýrslugjöf um niðurstöður úttektar, þ.m.t. viðmið flokkunar, ef um slíkt er að ræða,
- aðstæðum sem geta leitt til stöðvunar á úttektinni,
- hvernig skuli takast á við mögulegar niðurstöður meðan á úttektinni stendur,
- alla tilhögun er varðar endurgjöf frá úttektareiningunni um niðurstöður eða ályktanir úttektarinnar, þ.m.t. kvartanir eða beiðni um áfrýjun.

6.4.4 Samskipti meðan á úttekt stendur

Meðan á úttekt stendur getur verið nauðsynlegt að hafa formlegt fyrirkomulag hvað varðar samskipti innan úttektarteymisins, sem og við úttektareininguna, úttektarþegann og mögulega við ytri hagsmunaaðila (t.d. stjórnvöld), einkum þegar lögboðnar kröfur og stjórnvaldskröfur krefjast skyldubundinnar skýrslugjafar um frábrigði.

Úttektarteymið ætti að ræða saman reglulega til að skiptast á upplýsingum, meta framvindu úttektar og endurúthluta verkum milli aðila í úttektarteyminu, eins og þörf krefur.

Meðan á úttektinni stendur ætti úttektarstjórinn að greina úttektareiningu og úttektarþega frá framvindunni, öllum mikilvægum niðurstöðum og öllum íhugunarefnum, með reglubundnum hætti, eins og við á. Ef sönnunargögn sem aflað er meðan á úttektinni stendur sýna fram á bráða og verulega áhættu ætti að skýra úttektareiningunni frá slíku án tafar, og ef við á, úttektarþeganum. Allar áhyggjur af málefnum sem eru utan umfangs úttektarinnar ætti að skrá og skýra úttektarstjóranum frá þeim, til mögulegrar upplýsingagjafar hans til úttektarþegans og úttektareiningarinnar.

Ef tiltæk sönnunargögn úttektar gefa til kynna að ekki sé hægt að ná markmiðum úttektarinnar ætti úttektarstjórinn að skýra úttektarþeganum og úttektareiningunni frá ástæðum þess til að hægt sé að ákveða viðeigandi aðgerðir. Slíkar aðgerðir geta verið breytingar á skipulagningu, markmiðum eða umfangi úttektar eða stöðvun hennar.

Allar þarfir fyrir breytingar á úttektarskipulaginu sem geta komið í ljós eftir því sem úttektarathöfnum miðar áfram, ætti að rýna og meðtaka, bæði af einstaklingnum/unum sem stjórna(r) úttektaráætluninni og úttektarþeganum, eins og við á, og kynna fyrir úttektareiningunni.

6.4.5 Tiltækileiki og aðgengi úttektarupplýsinga

Úttektaraðferðirnar sem valdar eru velta á skilgreindum markmiðum úttektarinnar, umfangi og viðmiðum, ásamt tímalengd og staðsetningu. Staðsetning telst vera þar sem upplýsingar, sem þörf er á fyrir tiltekna úttektarathöfn, eru tiltækar úttektarteyminu. Þetta getur bæði verið raunlæg staðsetning og sýndarstaðsetning.

Hvar, hvenær og hvernig skuli nálgast úttektarupplýsingar skiptir höfuðmáli fyrir úttektina. Þetta er óháð því hvar upplýsingarnar verða til, þær notaðar og/eða geymdar. Út frá þessum málefnum þarf að ákvarða úttektaraðferðirnar (sjá töflu A.1). Úttektin getur nýtt sér blandaðar aðferðir. Einnig geta kringumstæður úttektar haft það í för með sér að það þurfi að breyta aðferðum meðan á úttektinni stendur.

ÍST EN ISO 19011:2018

Confirmation of the following items should be considered, as appropriate:

- the audit objectives, scope and criteria;
- the audit plan and other relevant arrangements with the auditee, such as the date and time for the closing meeting, any interim meetings between the audit team and the auditee's management, and any change(s) needed;
- formal communication channels between the audit team and the auditee;
- the language to be used during the audit;
- the auditee being kept informed of audit progress during the audit;
- the availability of the resources and facilities needed by the audit team;
- matters relating to confidentiality and information security;
- relevant access, health and safety, security, emergency and other arrangements for the audit team;
- activities on site that can impact the conduct of the audit.

The presentation of information on the following items should be considered, as appropriate:

- the method of reporting audit findings including criteria for grading, if any;
- conditions under which the audit may be terminated;
- how to deal with possible findings during the audit;
- any system for feedback from the auditee on the findings or conclusions of the audit, including complaints or appeals.

6.4.4 Communicating during audit

During the audit, it may be necessary to make formal arrangements for communication within the audit team, as well as with the auditee, the audit client and potentially with external interested parties (e.g. regulators), especially where statutory and regulatory requirements require mandatory reporting of nonconformities.

The audit team should confer periodically to exchange information, assess audit progress and reassign work between the audit team members, as needed.

During the audit, the audit team leader should periodically communicate the progress, any significant findings and any concerns to the auditee and audit client, as appropriate. Evidence collected during the audit that suggests an immediate and significant risk should be reported without delay to the auditee and, as appropriate, to the audit client. Any concern about an issue outside the audit scope should be noted and reported to the audit team leader, for possible communication to the audit client and auditee.

Where the available audit evidence indicates that the audit objectives are unattainable, the audit team leader should report the reasons to the audit client and the auditee to determine appropriate action. Such action may include changes to audit planning, the audit objectives or audit scope, or termination of the audit.

Any need for changes to the audit plan which may become apparent as auditing activities progress should be reviewed and accepted, as appropriate, by both the individual(s) managing the audit programme and the audit client, and presented to the auditee.

6.4.5 Audit information availability and access

The audit methods chosen for an audit depend on the defined audit objectives, scope and criteria, as well as duration and location. The location is where the information needed for the specific audit activity is available to the audit team. This may include physical and virtual locations.

Where, when and how to access audit information is crucial to the audit. This is independent of where the information is created, used and/or stored. Based on these issues, the audit methods need to be determined (see Table A.1). The audit can use a mixture of methods. Also, audit circumstances may mean that the methods need to change during the audit.

ÍST EN ISO 19011:2018

6.4.6 Rýni skjalfestra upplýsinga meðan á úttekt stendur

Rýna ætti viðeigandi skjalfestar upplýsingar úttektareiningarinnar til að:

- ákvarða samræmið á milli kerfisins, eins og það er skjalfest, og úttektarviðmiða,
- safna upplýsingum til að styðja við úttektarathafnirnar.

ATHUGASEMD Leiðsögn um hvernig skuli sannprófa upplýsingar er að finna í A.5.

Hægt er að sameina rýnina öðrum úttektarathöfnum og hún getur verið stöðug í gegnum allt úttektarferlið, svo fremi það sé ekki skaðlegt fyrir markvirknina á framkvæmd úttektarinnar.

Ef ekki er hægt að útvega nægilegar skjalfestar upplýsingar innan þess tímaramma sem gefinn er í úttektarskipulaginu ætti úttektarstjórinn að skýra bæði einstaklingnum/unum sem stjórna(r) úttektaráætluninni og úttektareiningunni frá því. Með hliðsjón af markmiðum úttektarinnar og umfangi ætti að taka ákvörðun um hvort halda eigi úttektinni áfram eða fresta henni þar til búið er að leysa þau vandamál sem snúa að skjalfestum upplýsingum.

6.4.7 Söfnun og sannprófun upplýsinga

Meðan á úttektinni stendur ætti að safna upplýsingum sem varða markmið úttektarinnar, umfang og viðmið, þ.m.t. upplýsingar sem tengjast snertiflötum milli verksviða, athafna og ferla, með viðeigandi sýnatöku og sannprófa, eins og mögulegt er.

ATHUGASEMD 1 Fyrir sannprófun upplýsinga sjá A.5.

ATHUGASEMD 2 Leiðsögn um sýnatöku er að finna í A.6.

Aðeins ætti að meðtaka upplýsingar sem hægt er að sannprófa upp að vissu marki sem sönnunargögn úttektar. Ef stig sannprófunar er lágt ætti úttektarmaðurinn að nota faglega dómgreind sína til að ákvarða hve áreiðanlegar upplýsingarnar eru sem sönnunargögn. Skrá ætti sönnunargögn úttektar sem leiða af sér úttektarniðurstöður. Ef úttektarteyminu verður kunnugt um nýjar eða breyttar kringumstæður, eða áhættu eða tækifæri meðan á söfnun hlutlægra sönnunargagna stendur, ætti teymið að takast á við það samkvæmt því.

Skýringarmynd 2 veitir yfirlit yfir dæmigert ferli, allt frá söfnun upplýsinga til úttektarályktana

ÍST EN ISO 19011:2018

6.4.6 Reviewing documented information while conducting audit

The auditee's relevant documented information should be reviewed to:

- determine the conformity of the system, as far as documented, with audit criteria;
- gather information to support the audit activities.

NOTE Guidance on how to verify information is provided in A.5.

The review may be combined with the other audit activities and may continue throughout the audit, providing this is not detrimental to the effectiveness of the conduct of the audit.

If adequate documented information cannot be provided within the time frame given in the audit plan, the audit team leader should inform both the individual(s) managing the audit programme and the auditee. Depending on the audit objectives and scope, a decision should be made as to whether the audit should be continued or suspended until documented information concerns are resolved.

6.4.7 Collecting and verifying information

During the audit, information relevant to the audit objectives, scope and criteria, including information relating to interfaces between functions, activities and processes should be collected by means of appropriate sampling and should be verified, as far as practicable.

NOTE 1 For verifying information see A.5.


NOTE 2 Guidance on sampling is given in A.6.

Only information that can be subject to some degree of verification should be accepted as audit evidence. Where the degree of verification is low the auditor should use their professional judgement to determine the degree of reliance that can be placed on it as evidence. Audit evidence leading to audit findings should be recorded. If, during the collection of objective evidence, the audit team becomes aware of any new or changed circumstances, or risks or opportunities, these should be addressed by the team accordingly.

Figure 2 provides an overview of a typical process, from collecting information to reaching audit conclusions.

ÍST EN ISO 19011:2018

Mynd 2 – Yfirlit yfir dæmigert ferli söfnunar og sannprófunar upplýsinga



Aðferðir við söfnun upplýsinga eru meðal annars, en takmarkast ekki við:

- viðtöl,
- athuganir,
- rýni skjalfestra upplýsinga.

ATHUGASEMD 3 Leiðsögn um val á uppruna upplýsinga og athugunar er að finna í A.14.

ATHUGASEMD 4 Leiðsögn um heimsókn á staðsetningu úttektareiningarinnar er að finna í A.15.

ATHUGASEMD 5 Leiðsögn um framkvæmd viðtala er að finna í A.17.

6.4.8 Niðurstöður úttektar settar fram


Meta ætti sönnunargögn úttektar samkvæmt viðmiðunum hennar til að ákvarða niðurstöður úttektar. Niðurstöður úttektar geta gefið til kynna samræmi eða frábrigði við úttektarviðmið. Ef það er tilgreint í úttektarskipulaginu ættu einstakar úttektarniðurstöður að fela í sér samræmi og góðar starfsvenjur ásamt stuðningi sönnunargagna, tækifærum til umbóta og tilmælum til úttektareiningarinnar.

Frábrigði ásamt stuðningi sönnunargagna úttektar við það ættu að vera skráð.

Hægt er að flokka frábrigði með hliðsjón af samhengi skipulagsheildarinnar og hennar áhættu. Flokkunin getur verið megindleg (t.d. 1 til 5) og eigindleg (t.d. minniháttar, meiriháttar). Rýna ætti hana með úttektareiningunni til að viðurkenna að sönnunargögn úttektarinnar séu nákvæm og að frábrigðin skiljist. Leggja ætti áherslu á að leysa úr öllum mismunandi skoðunum sem varða sönnunargögn úttektarinnar eða niðurstöður. Málefni sem eru óleyst ætti að skrá í úttektarskýrsluna.

Úttektarteymið ætti að hittast eins oft og þörf er á til að rýna í niðurstöður úttektarinnar á viðeigandi stigum meðan á henni stendur.

Figure 2 – Overview of a typical process of collecting and verifying information



Methods of collecting information include, but are not limited to the following:

- interviews;
- observations;
- review of documented information.

NOTE 3 Guidance on selecting sources of information and observation is given in A.14.

NOTE 4 Guidance on visiting the auditee's location is given in A.15.

NOTE 5 Guidance on conducting interviews is given in A.17.

6.4.8 Generating audit findings

Audit evidence should be evaluated against the audit criteria in order to determine audit findings. Audit findings can indicate conformity or nonconformity with audit criteria. When specified by the audit plan, individual audit findings should include conformity and good practices along with their supporting evidence, opportunities for improvement, and any recommendations to the auditee.

Nonconformities and their supporting audit evidence should be recorded.

Nonconformities can be graded depending on the context of the organization and its risks. This grading can be quantitative (e.g. 1 to 5) and qualitative (e.g. minor, major). They should be reviewed with the auditee in order to obtain acknowledgement that the audit evidence is accurate and that the nonconformities are understood. Every attempt should be made to resolve any diverging opinions concerning the audit evidence or findings. Unresolved issues should be recorded in the audit report.

The audit team should meet as needed to review the audit findings at appropriate stages during the audit.

ÍST EN ISO 19011:2018

ATHUGASEMD 1 Viðbótarleiðsögn um auðkenningu og mat á niðurstöðum úttektar er að finna í A.18.

ATHUGASEMD 2 Stundum er vísað til samræmis eða frábrigða við úttektarviðmið sem tengjast lögboðnum kröfum og stjórnvaldskröfum eða öðrum kröfum, sem hlítingu (eða reglufylgni) eða vanefnda.

6.4.9 Ákvörðun úttektarályktana

6.4.9.1 Undirbúningur fyrir lokafund

Úttektarteymið ætti að ræða saman fyrir lokafund með það fyrir augum að:

- rýna í niðurstöður úttektarinnar og aðrar viðkomandi upplýsingar sem safnað var meðan á úttektinni stóð, með tilliti til markmiða úttektarinnar,
- sammælast um úttektarályktanirnar, að teknu tilliti til þeirrar óvissu sem er edlislæg í úttektarferlinu,
- undirbúa tilmæli, ef það er tilgreint í úttektarskipulaginu,
- ræða eftirfylgni við úttekt, eftir því sem við á.

6.4.9.2 Innihald úttektarályktana

Úttektarályktanir ættu að taka til málefna eins og eftirfarandi:

- að hvaða marki samræmi á að vera á milli úttektarviðmiðanna og styrkleika stjórnunarkerfisins, þ.m.t. markvirkni stjórnunarkerfisins hvað varðar að uppfylla tilætlaðar niðurstöður, auðkenningu áhættu og markvirkni þeirra aðgerða sem úttektareiningin grípur til til að takast á við áhættu,
- markvirk innleiðing, viðhald og umbætur á stjórnunarkerfinu,
- að ná markmiðum úttektar, ná yfir umfang úttektar og uppfylla úttektarviðmið,
- svipaðar niðurstöður sem fengust á mismunandi svæðum sem voru tekin út eða frá sameiginlegri eða fyrri úttekt, í þeim tilgangi að tilgreina leitni.

Ef það er tilgreint í úttektarskipulaginu geta úttektarályktanir leitt af sér tilmæli til umbóta eða seinni tíma úttektarathafnir.

6.4.10 Framkvæmd lokafundar

Halda ætti lokafund til að kynna niðurstöður úttektarinnar og ályktanir hennar.

Úttektarstjóri ætti að stýra lokafundinum og stjórnendur úttektareiningarinnar og eftirtaldir aðilar ættu að sitja fundinn, eftir því sem við á:

- þeir sem bera ábyrgð á þeim verksviðum eða ferlum sem hafa verið til úttektar,
- úttektarþeginn,
- aðrir aðilar í úttektarteyminu,
- aðrir viðeigandi hagsmunaaðilar eins og úttektarþegi og/eða úttektareining ákveða.

Ef við á ætti úttektarstjórinn að skýra úttektareiningunni frá aðstæðum sem komu upp meðan á úttektinni stóð sem gætu orðið til þess að draga úr trausti á úttektarályktunum. Ef það er tekið fram í stjórnunarkerfinu eða í samningi við úttektarþegann koma þátttakendurnir sér saman um tímaramma fyrir skipulag aðgerða til að taka á niðurstöðum úttektar.

Nákvæmni upplýsinga ætti að taka mið af markvirkni stjórnunarkerfisins við að ná markmiðum úttektareiningarinnar, einnig ætti að hafa í huga samhengi og áhættu og tækifæri.

Á lokafundi ætti einnig að taka með í reikninginn þekkingu úttektareiningarinnar á úttektarferlinu til að tryggja að þátttakendur fái upplýsingar sem eru eins nákvæmar og við á.

Fyrir sumar úttektaraðstæður getur fundurinn verið formlegur þar sem fundargerð er skrifuð og mæting skráð. Í öðrum tilvikum, t.d. við innri úttektir, getur lokafundurinn verið minna formlegur og eingöngu snúist um að skýra frá niðurstöðum úttektar og úttektarályktunum.

ÍST EN ISO 19011:2018

NOTE 1 Additional guidance on the identification and evaluation of audit findings is given in A.18.

NOTE 2 Conformity or nonconformity with audit criteria related to statutory or regulatory requirements or other requirements, is sometimes referred to as compliance or non-compliance.

6.4.9 Determining audit conclusions

6.4.9.1 Preparation for closing meeting

The audit team should confer prior to the closing meeting in order to:

- a) review the audit findings and any other appropriate information collected during the audit, against the audit objectives;
- b) agree on the audit conclusions, taking into account the uncertainty inherent in the audit process;
- c) prepare recommendations, if specified by the audit plan;
- d) discuss audit follow-up, as applicable.

6.4.9.2 Content of audit conclusions

Audit conclusions should address issues such as the following:

- a) the extent of conformity with the audit criteria and robustness of the management system, including the effectiveness of the management system in meeting the intended outcomes, the identification of risks and effectiveness of actions taken by the auditee to address risks;
- b) the effective implementation, maintenance and improvement of the management system;
- c) achievement of audit objectives, coverage of audit scope and fulfilment of audit criteria;
- d) similar findings made in different areas that were audited or from a joint or previous audit for the purpose of identifying trends.

If specified by the audit plan, audit conclusions can lead to recommendations for improvement, or future auditing activities.

6.4.10 Conducting closing meeting

A closing meeting should be held to present the audit findings and conclusions.

The closing meeting should be chaired by the audit team leader and attended by the management of the auditee and include, as applicable:

- those responsible for the functions or processes which have been audited;
- the audit client;
- other members of the audit team;
- other relevant interested parties as determined by the audit client and/or auditee.

If applicable, the audit team leader should advise the auditee of situations encountered during the audit that may decrease the confidence that can be placed in the audit conclusions. If defined in the management system or by agreement with the audit client, the participants should agree on the time frame for an action plan to address audit findings.

The degree of detail should take into account the effectiveness of the management system in achieving the auditee's objectives, including consideration of its context and risks and opportunities.

The familiarity of the auditee with the audit process should also be taken into consideration during the closing meeting, to ensure the correct level of detail is provided to participants.

For some audit situations, the meeting can be formal and minutes, including records of attendance, should be kept. In other instances, e.g. internal audits, the closing meeting can be less formal and consist solely of communicating the audit findings and audit conclusions.

ÍST EN ISO 19011:2018

Eins og við á ætti að útskýra eftirtalin atriði fyrir úttektareiningunni á lokafundi:

- a) minna á að sönnunargögn úttektar voru byggð á sýnatöku á fyrirliggjandi upplýsingum og endurspegla ekki endilega að fullu heildarmarkvirkni ferla úttektareiningarinnar,
- b) aðferðina við skýrslugerð,
- c) hvernig taka ætti á niðurstöðum úttektarinnar miðað við umsamið ferli,
- d) mögulegar afleiðingar þess að takast ekki nógu vel á við niðurstöður úttektarinnar,
- e) kynningu á niðurstöðum og ályktunum úttektarinnar á þann hátt að stjórn úttektareiningar skilji þær og viðurkenni,
- f) allar tengdar athafnir eftir úttekt (t.d. innleiðingu og rýni á úrbótum, að takast á við kvartanir varðandi úttekt og áfrýjunarferli).

Ræða ætti allar mismunandi skoðanir á milli úttektarteymisins og úttektareiningarinnar sem varða niðurstöður eða ályktanir úttektarinnar og, ef mögulegt er, leysa úr þeim. Ef málin eru ekki leyst ætti að skrá það.

Ef svo er tilgreint í markmiðum úttektarinnar eru settar fram tilmæli til umbóta. Leggja ætti áherslu á að tilmælin eru ekki bindandi.

6.5 Undirbúningur og dreifing úttektarskýrslu

6.5.1 Undirbúningur úttektarskýrslu

Úttektarstjórinn ætti að gefa skýrslu um ályktanir úttektarinnar í samræmi við úttektaráætlunina. Úttektarskýrslan ætti að gefa heila, nákvæma, gagnorða og skýra mynd af úttektinni og ætti að vísa til eða innihalda eftirfarandi:

- a) markmið úttektar,
- b) umfang úttektar, einkum auðkenningu á skipulagsheildinni (úttektareiningunni) og þeim verksviðum eða ferlum sem tekin voru út,
- c) auðkenningu á úttektarþega,
- d) auðkenningu á úttektarteymi og þátttakendum úttektareiningar í úttektinni,
- e) dagsetningar og staðsetningar þar sem úttektarathafnir fóru fram,
- f) úttektarviðmið,
- g) niðurstöður úttektar og tengd sönnunargögn,
- h) úttektarályktanir
- i) yfirlýsingu um upp að hvaða marki úttektarviðmiðin hafa verið uppfyllt,
- j) allur óleystur skoðanamismunur á milli úttektarteymisins og úttektareiningarinnar,
- k) í eðli sínu eru úttektir framkvæmdar með notkun sýnatöku og því er hætta á að þau sönnunargögn úttektar sem tekin eru til skoðunar séu ekki dæmigerð.

Úttektarskýrslan getur einnig vísað til eða innihaldið eftirfarandi, eins og við á:

- úttektarskipulagið með tímaáætlun,
- samantekt fyrir úttektarferlið, þ.m.t. allar hindranir sem komu upp sem geta dregið úr áreiðanleika úttektarályktanna,
- staðfestingu á að markmið úttektarinnar hafi náðst innan umfangs úttektarinnar í samræmi við úttektarskipulagið,
- öll svæði innan umfangs úttektarinnar sem ekki var tekið á, þ.m.t. öll málefni er varða tiltækileika sönnunargagna, auðlindir eða leynd, með viðeigandi réttlætningu,
- samantekt sem nær yfir ályktanir úttektarinnar og meginniðurstöður úttektarinnar sem styðja þær,
- góðar starfsvenjur sem eru auðkenndar,
- samþykka eftirfylgni við aðgerðaskipulag, ef um er að ræða,
- yfirlýsingu um eðli leyndar hvað varðar innihaldið,
- allar afleiðingar fyrir úttektaráætlunina eða seinni úttektir.

6.5.2 Dreifing úttektarskýrslu

Gefa ætti úttektarskýrsluna út innan umsamins tíma. Ef henni seinkar ætti að skýra úttektareiningunni og einstaklingnum/unum sem stjórna(r) úttektaráætluninni frá ástæðum þess.

ÍST EN ISO 19011:2018

As appropriate, the following should be explained to the auditee in the closing meeting:

- a) advising that the audit evidence collected was based on a sample of the information available and is not necessarily fully representative of the overall effectiveness of the auditee's processes;
- b) the method of reporting;
- c) how the audit finding should be addressed based on the agreed process;
- d) possible consequences of not adequately addressing the audit findings;
- e) presentation of the audit findings and conclusions in such a manner that they are understood and acknowledged by the auditee's management;
- f) any related post-audit activities (e.g. implementation and review of corrective actions, addressing audit complaints, appeal process).

Any diverging opinions regarding the audit findings or conclusions between the audit team and the auditee should be discussed and, if possible, resolved. If not resolved, this should be recorded.

If specified by the audit objectives, opportunities for improvement recommendations may be presented. It should be emphasized that recommendations are not binding.

6.5 Preparing and distributing audit report

6.5.1 Preparing audit report

The audit team leader should report the audit conclusions in accordance with the audit programme. The audit report should provide a complete, accurate, concise and clear record of the audit, and should include or refer to the following:

- a) audit objectives;
- b) audit scope, particularly identification of the organization (the auditee) and the functions or processes audited;
- c) identification of the audit client;
- d) identification of audit team and auditee's participants in the audit;
- e) dates and locations where the audit activities were conducted;
- f) audit criteria;
- g) audit findings and related evidence;
- h) audit conclusions;
- i) a statement on the degree to which the audit criteria have been fulfilled;
- j) any unresolved diverging opinions between the audit team and the auditee;
- k) audits by nature are a sampling exercise; as such there is a risk that the audit evidence examined is not representative.

The audit report can also include or refer to the following, as appropriate:

- the audit plan including time schedule;
- a summary of the audit process, including any obstacles encountered that may decrease the reliability of the audit conclusions;
- confirmation that the audit objectives have been achieved within the audit scope in accordance with the audit plan;
- any areas within the audit scope not covered including any issues of availability of evidence, resources or confidentiality, with related justifications;
- a summary covering the audit conclusions and the main audit findings that support them;
- good practices identified;
- agreed action plan follow-up, if any;
- a statement of the confidential nature of the contents;
- any implications for the audit programme or subsequent audits.

6.5.1 Distributing audit report

The audit report should be issued within an agreed period of time. If it is delayed, the reasons should be communicated to the auditee and the individual(s) managing the audit programme.

ÍST EN ISO 19011:2018

Úttektarskýrsluna ætti að dagsetja, rýna og viðurkenna, eins og við á, í samræmi við úttektaráætlunina.

Síðan ætti að dreifa úttektarskýrslunni til viðkomandi hagsmunaaðila sem tilgreindir eru í úttektaráætluninni eða úttektarskipulaginu.

Þegar úttektarskýrslunni er dreift ætti að hafa í huga hvort gera þurfi viðeigandi ráðstafanir til að tryggja leynd.

6.6 Lok úttektar

Úttektinni er lokið þegar allar skipulagðar úttektarathafnir hafa verið gerðar, eða eins og annars var samið um við úttektarþegann (t.d. gætu hafa komið upp óvæntar aðstæður sem hindra lok úttektarinnar samkvæmt skipulagi).

Skjalfestar upplýsingar sem varða úttektina ætti að varðveita eða farga samkvæmt samkomulagi á milli hlutaðeigandi aðila og í samræmi við úttektaráætlunina og viðeigandi kröfur.

Nema þess sé krafist í lögum, ætti úttektarteymið og einstaklingurinn/arnir sem stjórna(r) úttektaráætluninni ekki að greina öðrum aðilum frá neinum upplýsingum sem aflað var meðan á úttekt stóð, eða úttektarskýrslan, án skýrs samþykkis úttektarþegans og, eftir því sem við á, úttektareiningarinnar. Ef þess er krafist að greint sé frá innihaldi úttektarskjals ætti að upplýsa úttektarþegann og úttektareininguna um það eins fljótt og mögulegt er.

Það sem læra má af úttektinni getur auðkennt áhættu og tækifæri fyrir úttektaráætlunina og úttektareininguna.

6.7 Framkvæmd eftirfylgni við úttekt

Útkoma úttektarinnar getur, háð markmiðum úttektarinnar, gefið til kynna þörf á leiðréttingum, úrbótum eða tækifærum til umbóta. Slíkar aðgerðir eru yfirleitt ákveðnar og framkvæmdar af úttektareiningunni innan umsamins tímaramma. Úttektareiningin ætti að upplýsa einstaklinginn/ana sem stjórna(r) úttektaráætlun og/eða úttektarteymið um stöðu þessarar aðgerða, eins og við á.

Sannprófa ætti lok og markvirkni þessara aðgerða. Sú sannprófun getur verið hluti næstu úttektar. Gefa ætti einstaklingnum sem stjórnar úttektaráætluninni og úttektarþeganum skýrslu um útkomuna áður en rýni stjórnenda fer fram.

7 Hæfni og mat á úttektarmönnum

7.1 Almenn

Traust á úttektarferlinu og getan til að ná fram markmiðum þess veltur á hæfni þeirra einstaklinga sem taka þátt í úttektunum, þ.m.t. úttektarmenn og úttektarstjórar. Meta ætti hæfni reglulega með ferli sem bæði tekur persónulega hegðun til greina og getuna til að beita þeirri þekkingu og kunnáttu sem fengist hefur með menntun, starfsreynslu, þjálfun sem úttektarmaður og reynslu af úttekt. Þetta ferli ætti að hafa þarfir úttektaráætlunarinnar og markmið hennar í huga. Sumt af þeirri þekkingu og færni sem lýst er í 7.2.3 er almennt á meðal úttektarmanna á öllum fagsviðum stjórnunarkerfa en annað er sértækt fyrir einstök fagsvið stjórnunarkerfa. Ekki er nauðsynlegt að allir úttektarmenn í úttektarteyminu búi yfir sömu hæfni. Hins vegar þarf heildarhæfni úttektarteymisins að vera nægileg til að geta náð markmiðum úttektarinnar.

Matið á hæfni úttektarmanna ætti að skipuleggja, innleiða og skjalfesta til að ná fram útkomu sem er hlutlæg, stöðug, sanngjörn og áreiðanleg. Matsferlið ætti að fela í sér fjögur meginþrep, eins og hér segir:

- ákvörðun á þeirri hæfni sem krafist er til að uppfylla þarfir úttektaráætlunarinnar,
- setja fram matsviðmiðin,
- val á viðeigandi matsaðferð,
- framkvæma matið.

ÍST EN ISO 19011:2018

The audit report should be dated, reviewed and accepted, as appropriate, in accordance with the audit programme.

The audit report should then be distributed to the relevant interested parties defined in the audit programme or audit plan.

When distributing the audit report, appropriate measures to ensure confidentiality should be considered.

6.6 Completing audit

The audit is completed when all planned audit activities have been carried out, or as otherwise agreed with the audit client (e.g. there might be an unexpected situation that prevents the audit being completed according to the audit plan).

Documented information pertaining to the audit should be retained or disposed of by agreement between the participating parties and in accordance with audit programme and applicable requirements.

Unless required by law, the audit team and the individual(s) managing the audit programme should not disclose any information obtained during the audit, or the audit report, to any other party without the explicit approval of the audit client and, where appropriate, the approval of the auditee. If disclosure of the contents of an audit document is required, the audit client and auditee should be informed as soon as possible.

Lessons learned from the audit can identify risks and opportunities for the audit programme and the auditee.

6.7 Conducting audit follow-up

The outcome of the audit can, depending on the audit objectives, indicate the need for corrections, or for corrective actions, or opportunities for improvement. Such actions are usually decided and undertaken by the auditee within an agreed timeframe. As appropriate, the auditee should keep the individual(s) managing the audit programme and/or the audit team informed of the status of these actions.

The completion and effectiveness of these actions should be verified. This verification may be part of a subsequent audit. Outcomes should be reported to the individual managing the audit programme and reported to the audit client for management review.

7 Competence and evaluation of auditors

7.1 General

Confidence in the audit process and the ability to achieve its objectives depends on the competence of those individuals who are involved in performing audits, including auditors and audit team leaders. Competence should be evaluated regularly through a process that considers personal behaviour and the ability to apply the knowledge and skills gained through education, work experience, auditor training and audit experience. This process should take into consideration the needs of the audit programme and its objectives. Some of the knowledge and skills described in 7.2.3 are common to auditors of any management system discipline; others are specific to individual management system disciplines. It is not necessary for each auditor in the audit team to have the same competence. However, the overall competence of the audit team needs to be sufficient to achieve the audit objectives.

The evaluation of auditor competence should be planned, implemented and documented to provide an outcome that is objective, consistent, fair and reliable. The evaluation process should include four main steps, as follows:

- a) determine the required competence to fulfil the needs of the audit programme;
- b) establish the evaluation criteria;
- c) select the appropriate evaluation method;
- d) conduct the evaluation.

ÍST EN ISO 19011:2018

Útkoma matsferlisins ætti að vera grunnur fyrir eftirfarandi:

- val á aðilum í úttektarteymi (eins og lýst er í 5.5.4),
- ákvörðun á þörf fyrir bætta hæfni (t.d. viðbótarþjálfun),
- viðvarandi mat á frammistöðu úttektarmanna.

Úttektarmenn ættu að þróa, viðhalda og bæta hæfni sína með sífelldri faglegri þróun og reglulegri þátttöku í úttektum (sjá 7.6).

Ferli fyrir mat á úttektarmönnum og úttektarstjórum er lýst í 7.3, 7.4 og 7.5.

Meta ætti úttektarmenn og úttektarstjóra samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru fram í 7.2.2 og 7.2.3 sem og því viðmiði sem sett er fram í 7.1.

Sú hæfni sem krafist er af einstaklingnum/unum sem stjórna(r) úttektaráætluninni er lýst í 5.4.2.

7.2 Ákvörðun um hæfni úttektarmanns

7.2.1 Almenn

Við ákvörðun á nauðsynlegri hæfni fyrir úttekt ætti að hafa í huga þá þekkingu og kunnáttu úttektarmanns sem tengist eftirtöldum atriðum:

- a) stærð, eðli, flækjustigi, vörum, þjónustu og ferlum úttektareiningarinnar,
- b) aðferðum við úttektir,
- c) þeim fagsviðum stjórnunarkerfanna sem taka á út,
- d) flækjustigi og ferlum stjórnunarkerfisins sem taka á út,
- e) tegundum og stigum áhættu og tækifæra sem stjórnunarkerfið tekst á við,
- f) markmiðum og yfirgripum úttektaráætlunarinnar,
- g) óvissunni við að ná fram markmiðum úttektar,
- h) öðrum kröfum sem úttektarþeginn eða aðrir viðkomandi hagsmunaaðilar setja, eftir því sem við á.

Þessar upplýsingar ættu að vera samkvæmar við þær sem skráðar eru í 7.2.3.

7.2.2 Persónuleg hegðun

Úttektarmenn ættu að búa yfir þeim eiginleikum sem nauðsynlegir eru til að þeir geti starfað í samræmi við meginreglur úttekta eins og þeim er lýst í kafla 4. Úttektarmenn ættu að sýna af sér fagmannlega hegðun meðan á úttekt stendur.

Tilhlýðileg fagmannleg hegðun felur í sér að vera:

- a) siðlegur, þ.e. sanngjarn, sannorður, hreinskilinn, heiðarlegur og þagmælskur,
- b) víðsýnn, þ.e. tilbúinn til að íhuga aðrar hugmyndir eða sjónarmið,
- c) diplómatískur, þ.e. taktískur í að eiga við aðra,
- d) athugull, þ.e. að skoða vandlega umhverfið og athafnir,
- e) næmur, þ.e. meðvitaður um og fær um að skilja aðstæður,
- f) fjölhæfur, þ.e. getur auðveldlega aðlagast mismunandi aðstæðum,
- g) þrautseigur, þ.e. þolgóður og einbeittur í að ná markmiðum,
- h) afgerandi, þ.e. getur náð fram, á réttum tíma, niðurstöðum sem byggjast á rökum og greiningu,
- i) sjálfbjarga, þ.e. getur starfað og virkað sjálfstætt en einnig unnið vel með öðrum,
- j) fær um að bregðast við af æðruleysi, þ.e. getur hegðað sér á ábyrgan og siðlegan hátt, jafnvel þó að sú hegðun sé ekki alltaf vinsæl og geti stundum endað í ósætti eða árekstrum,
- k) opinn fyrir umbótum, þ.e. viljugur til að læra af aðstæðum,
- l) menningarlega næmur, þ.e. athugull og ber virðingu fyrir menningu úttektareiningar,
- m) samvinnufús, þ.e. á auðvelt með að vinna með öðrum, þ.m.t. meðlimum úttektarteymis og starfsfólki úttektareiningarinnar.

ÍST EN ISO 19011:2018

The outcome of the evaluation process should provide a basis for the following:

- selection of audit team members (as described in 5.5.4);
- determining the need for improved competence (e.g. additional training);
- ongoing performance evaluation of auditors.

Auditors should develop, maintain and improve their competence through continual professional development and regular participation in audits (see 7.6).

A process for evaluating auditors and audit team leaders is described in 7.3, 7.4 and 7.5.

Auditors and audit team leaders should be evaluated against the criteria set out in 7.2.2 and 7.2.3 as well as the criteria established in 7.1.

The competence required of the individual(s) managing the audit programme is described in 5.4.2.

7.2 Determining auditor competence

7.2.1 General

In deciding the necessary competence for an audit, an auditor's knowledge and skills related to the following should be considered:

- a) the size, nature, complexity, products, services and processes of auditees;
- b) the methods for auditing;
- c) the management system disciplines to be audited;
- d) the complexity and processes of the management system to be audited;
- e) the types and levels of risks and opportunities addressed by the management system;
- f) the objectives and extent of the audit programme;
- g) the uncertainty in achieving audit objectives;
- h) other requirements, such as those imposed by the audit client or other relevant interested parties, where appropriate.

This information should be matched against that listed in 7.2.3.

7.2.2 Personal behaviour

Auditors should possess the necessary attributes to enable them to act in accordance with the principles of auditing as described in Clause 4. Auditors should exhibit professional behaviour during the performance of audit activities. Desired professional behaviours include being:

- a) ethical, i.e. fair, truthful, sincere, honest and discreet;
- b) open-minded, i.e. willing to consider alternative ideas or points of view;
- c) diplomatic, i.e. tactful in dealing with individuals;
- d) observant, i.e. actively observing physical surroundings and activities;
- e) perceptive, i.e. aware of and able to understand situations;
- f) versatile, i.e. able to readily adapt to different situations;
- g) tenacious, i.e. persistent and focused on achieving objectives;
- h) decisive, i.e. able to reach timely conclusions based on logical reasoning and analysis;
- i) self-reliant, i.e. able to act and function independently while interacting effectively with others;
- j) able to act with fortitude, i.e. able to act responsibly and ethically, even though these actions may not always be popular and may sometimes result in disagreement or confrontation;
- k) open to improvement, i.e. willing to learn from situations;
- l) culturally sensitive, i.e. observant and respectful to the culture of the auditee;
- m) collaborative, i.e. effectively interacting with others, including audit team members and the auditee's personnel.

ÍST EN ISO 19011:2018

7.2.3 Þekking og kunnátta

7.2.3.1 Almenn

Úttektarmenn ættu að búa yfir:

- þeirri þekkingu og kunnáttu sem nauðsynleg er til að ná fram tilætluðum niðurstöðum í þeim úttektum sem þeir eiga að framkvæma,
- almennri hæfni og aga og sértækri þekkingu og kunnáttu í tiltekinni atvinnugrein.

Úttektarstjórar ættu að búa yfir þeirri viðbótarþekkingu og -kunnáttu sem nauðsynleg er til að veita úttektarteyminu forystu.

7.2.3.2 Almenn þekking og kunnátta hjá úttektarmönnum stjórnunarkerfa

Úttektarmenn ættu að hafa þekkingu og kunnáttu á þeim sviðum sem lýst er hér fyrir neðan.

Þegar tölfraðilegt sýnatökuskipulag er þróað er áhætta við sýnatöku, sem úttektarmaður er fús til að taka, mikilvægt umhugsunarefni. Oft er vísað til þessa sem ásættanlegs öryggisstigs. Til dæmis samsvarar 5% sýnatökuáhætta ásættanlegu 95% öryggisstigi. 5% sýnatökuáhætta þýðir að úttektarmaður er fús til að sætta sig við að fimm af hundræði (eða 1 á móti 20) sýna sem könnuð verða endurspeglar ekki raunveruleg gildi sem myndu sjást ef allt þýðið væri kannað.

Þegar notast er við tölfraðilega sýnatöku ættu úttektarmenn að skjalfesta þá vinnu sem fram fer á viðeigandi hátt. Þetta ætti að innihalda lýsingu á þýðinu sem á að taka sýni úr, þau sýnatökuvíðmið sem notuð eru fyrir matið (t.d. hvað er ásættanlegt sýni), tölfraðilegar breytur og aðferðir sem notast var við, fjöldi sýna sem metinn var og niðurstöðurnar sem komu í ljós.

A.7 Úttekt á hlítingu innan stjórnunarkerfis

Úttektarteymi ætti að íhuga hvort úttektareiningin hafi markvirk ferli til að:

- auðkenna lögboðnar kröfur og stjórnvaldskröfur og aðrar kröfur sem hún er bundin,
- stjórna starfsemi sinni, vörum og þjónustu til að ná að hlíta þessum kröfum,
- meta stöðu hlítingar hjá sér.

Til viðbótar við almenna leiðsögn sem gefin er í þessu skjali; þegar verið er að meta ferlin sem úttektareiningin hefur innleitt til að tryggja hlítingu við viðeigandi kröfur, ætti úttektarteymið að íhuga hvort úttektareiningin:

- hafi markvirk gagnlegt ferli til að bera kennsl á breytingar á kröfum er varða hlítingu og til að líta á þær sem hluta af stjórnun breytinga,
- hafi á að skipa hæfum einstaklingum til að stjórna ferlum er varða hlítingu,
- viðhaldi og veiti viðeigandi skjalfestar upplýsingar um stöðu hlítingar, eins og stjórnvöld eða aðrir hagsmunaaðilar gera kröfu um,
- sé með kröfum um hlítingu í sinni innri úttektaráætlun,
- taki á tilvikum þegar um vanefndir er að ræða,
- íhuga frammistöðu hlítinga í rýni stjórnenda.

A.8 Úttekt á samhengi

Margir stjórnunarkerfisstaðlar krefja skipulagsheild um að ákvarða sitt samhengi, þ.m.t. þarfir og væntingar viðeigandi hagsmunaaðila og ytri og innri málefni. Til að gera þetta getur skipulagsheildin notað margs konar aðferðir fyrir strategíska greiningu og skipulagningu.

Úttektarmenn ættu að staðfesta að hentug ferli hafi verið þróað fyrir þetta og séu notuð með árangursríkum hætti þannig að niðurstöður þeirra gefi áreiðanlegan grunn til að ákvarða umfang og þróun stjórnunarkerfisins. Til að gera þetta ættu úttektarmenn að íhuga hlutlægar sannanir sem tengjast eftirtöldu:

- ferli/ferlum og aðferð(um) sem notuð eru,
- hversu heppilegir og hæfir þeir einstaklingar eru sem leggja sitt af mörkum í ferlinu/ferlunum,
- niðurstöðum ferlisins/ferlanna.
- notkun á niðurstöðum til að ákvarða umfang stjórnunarkerfis og þróun þess,
- reglubundinni rýni á samhengi, eins og við á.

Úttektarmenn ættu að hafa viðeigandi þekkingu og skilning á tilteknum atvinnugreinum sem og þeim stjórnunarverkferum sem skipulagsheildir geta notað til að dæma um markvirkni þeirra ferla sem notuð eru til að ákvarða samhengi.

ÍST EN ISO 19011:2018

Elements that can affect the audit sampling plan are:

- a) the context, size, nature and complexity of the organization;
- b) the number of competent auditors;
- c) the frequency of audits;
- d) the time of individual audit;
- e) any externally required confidence level;
- f) the occurrence of undesirable and/or unexpected events.

When a statistical sampling plan is developed, the level of sampling risk that the auditor is willing to accept is an important consideration. This is often referred to as the acceptable confidence level. For example, a sampling risk of 5 % corresponds to an acceptable confidence level of 95 %. A sampling risk of 5 % means the auditor is willing to accept the risk that 5 out of 100 (or 1 in 20) of the samples examined will not reflect the actual values that would be seen if the entire population was examined.

When statistical sampling is used, auditors should appropriately document the work performed. This should include a description of the population that was intended to be sampled, the sampling criteria used for the evaluation (e.g. what is an acceptable sample), the statistical parameters and methods that were utilized, the number of samples evaluated and the results obtained.

A.7 Auditing compliance within a management system

The audit team should consider if the auditee has effective processes for:

- a) identifying its statutory and regulatory requirements and other requirements it is committed to;
- b) managing its activities, products and services to achieve compliance with these requirements;
- c) evaluating its compliance status.

In addition to the generic guidance given in this document, when assessing the processes that the auditee has implemented to ensure compliance with relevant requirements, the audit team should consider if the auditee:

- 1) has an effective process for identifying changes in compliance requirements and for considering them as part of the management of change;
- 2) has competent individuals to manage its compliance processes;
- 3) maintains and provides appropriate documented information on its compliance status as required by regulators or other interested parties;
- 4) includes compliance requirements in its internal audit programme;
- 5) addresses any instances of non-compliance;
- 6) considers compliance performance in its management reviews.

A.8 Auditing context

Many management systems standards require an organization to determine its context, including the needs and expectations of relevant interested parties and external and internal issues. To do this, an organization can use various techniques for strategic analysis and planning.

Auditors should confirm that suitable processes have been developed for this and are used effectively, so that their results provide a reliable basis for determining the scope and the development of the management system. To do this, auditors should consider objective evidence related to the following:

- a) the process(es) or method(s) used;
- b) the suitability and competence of the individuals contributing to the process(es);
- c) the results of the process(es);
- d) the application of the results to determine management system scope and development;
- e) periodic reviews of context, as appropriate.

Auditors should have relevant sector-specific knowledge and understanding of the management tools that organizations can use in order to make a judgement regarding the effectiveness of the processes used to determine context.

ÍST EN ISO 19011:2018

A.9 Úttekt á forystu og skuldbindingu

Í mörgum stjórnunarkerfisstöðlum hefur verið aukið við kröfur um yfirstjórn.

Þessar kröfur fela í sér að sýna skuldbindingu og forystu með fyrirvari á markvirkni stjórnunarkerfisins og uppfylla ýmsar skyldur. Þetta felur í sér verk sem yfirstjórn ætti sjálf að taka sér fyrir hendur og önnur sem hægt er að framselja.

Úttektarmenn ættu að afla hlutlægra sannana um upp að hvaða marki yfirstjórn tekur þátt í ákvarðanatöku sem tengist stjórnunarkerfinu og hvernig hún sýnir í verki skuldbindingu sína til að tryggja markvirkni þess. Þetta er hægt að gera með því að rýna í niðurstöður viðeigandi ferla (t.d. stefnur, markmið, tiltækar auðlindir, upplýsingamiðlun frá yfirstjórn) og með því að taka viðtöl við starfsfólk til að ákvarða hversu virk yfirstjórn er.

Úttektarmenn ættu einnig að miða að því að taka viðtöl við yfirstjórnina til að staðfesta að hún hafi fullnægjandi skilning á málefnum tiltekinna fagsviða sem tengjast stjórnunarkerfi þeirra, ásamt samhenginu sem skipulagsheild þeirra starfar í, svo hún geti tryggt að stjórnunarkerfið nái tilætluðum niðurstöðum.

Úttektarmenn ættu ekki aðeins að einblína á forystu hjá yfirstjórn en einnig gera úttekt á forystu og skuldbindingu á öðrum stjórnunarstigum, eins og við á.

A.10 Úttekt á áhættu og tækifærum

Sem hluta af verkefnum einstakra úttekta er hægt að taka fyrir staðfestu og stjórnun varðandi áhættu og tækifæri skipulagsheildarinnar. Aðalmarkmið fyrir slíka úttekt er að:

- veita tryggingunum trúverðugleika auðkenningarferlis/ferla fyrir áhættu og tækifæri,
- veita tryggingu um að áhætta og tækifæri séu réttilega ákvörðuð og stjórnað,
- rýna það hvernig skipulagsheildin tekst á við ákvarðaða áhættu og tækifæri.

Úttekt á nálgun skipulagsheildarinnar við að ákvarða áhættu og tækifæri ætti ekki að fara fram sem sjálfstæð athöfn. Hún ætti að vera undirskilin við allar úttektir á stjórnunarkerfinu, einnig þegar verið er að taka viðtal við yfirstjórnina. Úttektarmaður ætti að fylgja eftirfarandi skrefum og safna hlutlægum sönnunum sem hér segir:

- ílög sem skipulagsheildin notar til að ákvarða áhættu og tækifæri sem geta falið í sér:
 - greiningu ytri og innri málefna,
 - strategísk áform skipulagsheildarinnar,
 - hagsmunaaðila sem tengjast stjórnunarkerfum tiltekinna fagsviða og kröfur þeirra, einnig,
 - mögulega áhættuvalda eins og umhverfisþætti, öryggishættu o.s.frv.

- aðferðir sem notaðar eru til að meta áhættu og tækifæri og geta verið mismunandi á milli fagsviða og atvinnugreina.

Það hvernig skipulagsheildin höndlar áhættu og tækifæri, þ.m.t. það áhættustig sem hún telur ásættanlegt og hvernig því er stýrt, krefst faglegrar dómgreindar úttektarmanns.

A.11 Líftími

Sum stjórnunarkerfi tiltekinna fagsviða krefjast þess að beita sjónarhorni líftíma fyrir vörur sínar og þjónustu. Úttektarmenn ættu ekki að líta á þetta sem kröfu um að nota líftímanálgun. Sjónarhorn á líftíma felur í sér íhugun á þeirri stýringu og áhrifum sem skipulagsheildin hefur á hverju stigi líftíma vörunnar eða þjónustunnar. Stig líftíma fela í sér öflun hráefna, hönnun, framleiðslu, flutning/afhendingu, notkun, lok meðhöndlunar og endanlega förgun. Þessi nálgun gerir skipulagsheildinni kleift að bera kennsl á þau svið, með umfang þeirra í huga, þar sem hægt er að halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki um leið og það eykur virði skipulagsheildarinnar. Úttektarmaðurinn ætti að nota faglegra dómgreind sína varðandi það hvernig skipulagsheildin hefur beitt sjónarhorni á líftíma m.t.t. strategíu og:

- líf vöru eða þjónustu,
- áhrifa skipulagsheildar á aðfangakeðju,
- lengd aðfangakeðju,
- tæknilegs flækjustígs vörunnar.

ÍST EN ISO 19011:2018

A.9 Auditing leadership and commitment

Many management systems standards have increased requirements for top management.

These requirements include demonstrating commitment and leadership by taking accountability for the effectiveness of the management system and fulfilling a number of responsibilities. These include tasks that top management should undertake itself and others that can be delegated.

Auditors should obtain objective evidence of the degree to which top management is involved in decision-making related to the management system and how it demonstrates commitment to ensuring its effectiveness. This can be achieved by reviewing the results from relevant processes (for example policies, objectives, available resources, communications from top management) and by interviewing staff to determine the degree of top management engagement.

Auditors should also aim to interview top management to confirm that they have an adequate understanding of the discipline-specific issues relevant to their management system, together with the context their organization operates within, so that they can ensure that the management system achieves its intended results.

Auditors should not only focus on leadership at the top management level but should also audit leadership and commitment at other levels of management, as appropriate.

A.10 Auditing risks and opportunities

As part of the assignment of an individual audit the determination and management of the organization's risk and opportunities can be included. The core objectives for such an audit assignment are to:

- give assurance on the credibility of the risk and opportunity identification process(es);
- give assurance that risks and opportunities are correctly determined and managed;
- review how the organization addresses its determined risks and opportunities.

An audit of an organization's approach to the determination of risks and opportunities should not be performed as a stand-alone activity. It should be implicit during the entire audit of a management system, including when interviewing top management. An auditor should act in accordance with the following steps and collect objective evidence as follows:

- a) inputs used by the organization for determining its risks and opportunities, which may include:
 - analysis of external and internal issues;
 - the strategic direction of the organization;
 - interested parties, related to its discipline-specific management system and their requirements, also;
 - potential sources of risk such as environmental aspects, and safety hazards, etc.
- b) method by which risks and opportunities are evaluated, which can differ between disciplines and sectors.

The organization's treatment of its risk and opportunities, including the level of risk it wishes to accept and how it is controlled, will require the application of professional judgement by the auditor.

A.11 Life cycle

Some discipline-specific management systems require the application of a life cycle perspective to their products and services. Auditors should not consider this as a requirement to adopt a life cycle approach. A life cycle perspective involves consideration of the control and influence the organization has over the stages of its product and service life cycle. Stages in a life cycle include acquisition of raw materials, design, production, transportation/delivery, use, end of life treatment and final disposal. This approach enables the organization to identify those areas where, in considering its scope, it can minimize its impact on the environment while adding value to the organization. The auditor should use their professional judgement as to how the organization has applied a life cycle perspective in terms of its strategy and the:

- a) life of the product or service;
- b) organization's influence on the supply chain;
- c) length of the supply chain;
- d) technological complexity of the product.

ÍST EN ISO 19011:2018

Ef skipulagsheild hefur sett saman nokkur stjórnunarkerfi í eitt til að mæta eigin þörfum ætti úttektaarmaður að horfa vandlega á alla skörun varðandi íhugun á líftíma.

A.12 Úttekt á aðfangakeðju

Hægt er að fara fram úttekt á sérstökum kröfum aðfangakeðjunnar. Úttektaráætlun birgja ætti að þróa með viðeigandi úttektarviðmiðum fyrir ákveðna tegund birgja og ytri veitenda. Umfang úttektarinnar á áfangakeðju getur verið misjafnt, t.d. heildarúttekt á stjórnunarkerfi, stök úttekt á ferli, úttekt á vöru eða úttekt á samstæðu.

A.13 Undirbúningur vinnuskjala úttektar

Þegar vinnuskjöl úttektar eru undirbúin ætti úttektaarteymið að hafa eftirtaldar spurningar í huga fyrir hvert skjal.

- Hvaða úttektarskrá verður búin til með notkun á þessu vinnuskjali?
- Hvaða úttektarathöfn tengist þessu ákveðna vinnuskjali?
- Hver mun nota þetta vinnuskjal?
- Hvaða upplýsingum er þörf á til að undirbúa þetta vinnuskjal?

Fyrir sameinaðar úttektir ættu vinnuskjöl að vera byggð upp þannig að forðast megi endurtekningu í úttektarathöfnum með:

- þyrpingu svípaðra krafna frá ólíkum viðmiðum,
- samhæfingu á innihaldi tengdra gát- og spurningalista.

Vinnuskjöl úttektar ættu að ná að taka á öllum hlutum stjórnunarkerfisins innan umfangs úttektarinnar og þau má setja fram á hvaða miðli sem er.

A.14 Val á uppruna upplýsinga

Sá uppruni upplýsinga sem valinn er getur verið mismunandi eftir umfangi og flækjustigi úttektarinnar og geta verið m.a.:

- viðtöl við starfsfólk og aðra einstaklinga,
- athuganir á starfsemi og nærliggjandi vinnuumhverfi og aðstæðum,
- skjalfestar upplýsingar, eins og stefnur, markmið, skipulag, verklagsreglur, staðlar, fyrirmæli, leyfi og heimildir, forskriftir, teikningar, samningar og pantanir,
- skrár, t.a.m. skoðunarskrár, fundargerðir, úttektarskýrslur, skrár um vöktunaráætlanir og niðurstöður mælinga,
- samantekt gagna, greiningar og frammistöðuvísar,
- upplýsingar um sýnatökuskipulag úttektareiningarinnar og um allar verklagsreglur fyrir stýringu á ferlum fyrir sýnatöku og mælingar,
- skýrslur af öðrum uppruna, t.d. endurgjöf frá viðskiptavinum, ytri kannanir og mælingar, aðrar viðeigandi upplýsingar frá ytri aðilum og mat ytri veitenda,
- gagnagrunnar og vefsíður,
- hermun og líkanagerð.

A.15 Heimsókn á staðsetningu úttektareiningarinnar

Til að lágmarka truflanir á milli úttektarathafna og vinnuferla úttektareiningarinnar og til að tryggja heilbrigði og öryggi úttektaarteymisins meðan á heimsókn stendur ætti að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Skipulagningu heimsóknarinnar:
 - tryggja leyfi og aðgengi að þeim stöðum úttektareiningarinnar sem á að heimsækja í samræmi við umfang úttektarinnar,
 - veita úttektarmönnum fullnægjandi upplýsingar um vernd, heilbrigði (t.d. sóttkví), málefni er varða heilbrigði og öryggi á vinnustöðum og menningarleg viðmið og vinnustundir fyrir heimsóknina, þ.m.t. bólusetningar og heimildir sem krafist er og mælt er með, ef við á,

ÍST EN ISO 19011:2018

If an organization has combined several management systems into a single management system to meet its own needs, the auditor should look carefully at any overlap concerning consideration of the life cycle.

A.12 Audit of supply chain

The audit of the supply chain to specific requirements can be required. The supplier audit programme should be developed with applicable audit criteria for the type of suppliers and external providers. The scope of the supply chain audit can differ, e.g. complete management system audit, single process audit, product audit, configuration audit.

A.13 Preparing audit work documents

When preparing audit work documents, the audit team should consider the questions below for each document.

- a) Which audit record will be created by using this work document?
- b) Which audit activity is linked to this particular work document?
- c) Who will be the user of this work document?
- d) What information is needed to prepare this work document?

For combined audits, work documents should be developed to avoid duplication of audit activities by:

- clustering of similar requirements from different criteria;
- coordinating the content of related checklists and questionnaires.

The audit work documents should be adequate to address all those elements of the management system within the audit scope and may be provided in any media.

A.14 Selecting sources of information

The sources of information selected may vary according to the scope and complexity of the audit and may include the following:

- a) interviews with employees and other individuals;
- b) observations of activities and the surrounding work environment and conditions;
- c) documented information, such as policies, objectives, plans, procedures, standards, instructions, licences and permits, specifications, drawings, contracts and orders;
- d) records, such as inspection records, minutes of meetings, audit reports, records of monitoring programme and the results of measurements;
- e) data summaries, analyses and performance indicators;
- f) information on the auditee's sampling plans and on any procedures for the control of sampling and measurement processes;
- g) reports from other sources, e.g. customer feedback, external surveys and measurements, other relevant information from external parties and external provider ratings;
- h) databases and websites;
- i) simulation and modelling.

A.15 Visiting the auditee's location

To minimize interference between audit activities and the auditee's work processes and to ensure the health and safety of the audit team during a visit, the following should be considered:

- a) Planning the visit:
 - ensure permission and access to those parts of the auditee's location, to be visited in accordance with the audit scope;
 - provide adequate information to auditors on security, health (e.g. quarantine), occupational health and safety matters and cultural norms and working hours for the visit including requested and recommended vaccination and clearances, if applicable;

ÍST EN ISO 19011:2018

- staðfesta við úttektareininguna að allar nauðsynlegar persónuhlífar verði tiltækar fyrir úttektarteymið, ef við á,
- staðfesta við úttektareininguna fyrirkomulag um notkun á fartækjum og myndavélum, þ.m.t. skráning upplýsinga eins og myndir af stöðum og búnaði, afrit af skjáskotum eða myndir af skjólum, myndritun af athöfnum og viðtölum, að teknu tilliti til verndar og málefna er varða leynd,
- fyrir utan ótímasettar úttektir í sérstöku augnamiði, ætti að tryggja að það starfsfólk sem verður heimsótt verði upplýst um markmið og umfang úttektarinnar.

b) Athafnir á staðnum:

- forðast alla ónauðsynlega truflun á rekstrarferlum,
- tryggja að úttektarteymið noti persónuhlífar á réttan hátt (ef við á),
- tryggja upplýsingagjöf um neyðarverklag (t.d. neyðarútganga, söfnunarstaði),
- tímasetja upplýsingagjöf til að halda truflun í lágmarki,
- aðlaga stærð úttektarteymisins og fjölda leiðsögumanna og áheyrnarfulltrúa í samræmi við umfang úttektarinnar til að koma í veg fyrir að trufla rekstrarferla eins og mögulegt er,
- ekki snerta eða eiga við búnað, nema afdráttarlaus heimild liggi fyrir, jafnvel þegar viðkomandi er hæfur eða hefur skírteini,
- ef atvik á sér stað meðan á heimsókn stendur ætti úttektarstjórinn að fara yfir stöðuna með úttektareiningunni og, ef nauðsyn krefur, með úttektarþega, og ná samkomulagi um það hvort stöðva eigi tímabundið úttektina, endurgera tímaáætlun eða halda áfram,
- ef tekin eru afrit af skráum í hvaða miðli sem er skal fyrst biðja um leyfi og hafa málefni leyndar- og verndar í huga,
- þegar athugasemdir eru skrifaðar, forðist að safna persónulegum upplýsingum nema markmið eða viðmið úttektar krefjist þess.

c) Sýndarúttektarathafnir:

- tryggið að úttektarteymið noti samþykktar samskiptareglur fyrir aðgang í fjarvinnslu, þ.m.t. umbeðin tæki, hugbúnað, o.s.frv.,
- ef tekin eru skjáskot af hvers konar skjólum, biðjið fyrirfram um leyfi og hafið málefni leyndar og verndar í huga, og forðast upptöku á einstaklingum án þeirra leyfis,
- ef atvik á sér stað á meðan á fjarvinnslu stendur ætti úttektarstjórinn að fara yfir stöðuna með úttektareiningunni og, ef nauðsyn krefur, með úttektarþega, og ná samkomulagi um það hvort stöðva eigi tímabundið úttektina, endurgera tímaáætlun eða halda áfram,
- notið grunnmyndir/skýringarmyndir af fjarstaðsetningu fyrir tilvísanir,
- virðið næði í úttektarhléum.

Hafa ætti í huga hvernig upplýsingum og sönnunargögnum úttektar er ráðstafað seinna meir, án tillits til tegundar miðla, þegar þörfin fyrir varðveislu er ekki lengur til staðar.

A.16 Úttekt á sýndarstarfsemi og -staðsetningum

Sýndarúttektir eru gerðar þegar skipulagsheild vinnur eða veitir þjónustu úr nettengdu umhverfi sem gefur einstaklingum færi á að framkvæma ferli, án tillits til raunlægrar staðsetningar (t.d. á innra neti fyrirtækja og í „tölvuskýi“). Stundum er vísað til úttektar á sýndarstaðsetningu sem sýndarúttektar. Fjarúttektir vísa til þess að nota tækni til að safna upplýsingum, taka viðtal við úttektareiningu, t.d. þegar „augliti til auglitis“ aðferðir eru ekki mögulegar eða þeirra óskað.

Sýndarúttektir fylgja viðurkenndum úttektarferlum um leið og tækni er notuð til að sannprófa hlutlægar sannanir. Úttektareiningin og úttektarteymið ættu að tryggja viðeigandi tækniröfur fyrir sýndarúttektir sem getur falið í sér:

- að tryggja að úttektarteymið noti samþykktar samskiptareglur fyrir aðgang í fjarvinnslu, þ. á m. umbeðin tæki, hugbúnað, o.þ.h.,
- að stýra tæknilegum athugunum áður en úttekt er gerð til að koma í veg fyrir tæknileg vandamál,
- að tryggja að viðbragðsskipulag sé fyrir hendi og að skýrt sé frá þeim (t.d. truflun á aðgengi og notkun á annarri tækni), þ.m.t. ákvæði um aukaúttektartíma ef þörf krefur.

ÍST EN ISO 19011:2018

- confirm with the auditee that any required personal protective equipment (PPE) will be available for the audit team, if applicable;
- confirm the arrangements with the auditee regarding the use of mobile devices and cameras including recording information such as photographs of locations and equipment, screen shot copies or photocopies of documents, videos of activities and interviews, taking into consideration security and confidentiality matters;
- except for unscheduled, ad hoc audits, ensure that personnel being visited will be informed about the audit objectives and scope.

b) On-site activities:

- avoid any unnecessary disturbance of the operational processes;
- ensure that the audit team is using PPE properly (if applicable);
- ensure emergency procedures are communicated (e.g. emergency exits, assembly points);
- schedule communication to minimize disruption;
- adapt the size of the audit team and the number of guides and observers in accordance with the audit scope, in order to avoid interference with the operational processes as far as practicable;
- do not touch or manipulate any equipment, unless explicitly permitted, even when competent or licensed;
- if an incident occurs during the on-site visit, the audit team leader should review the situation with the auditee and, if necessary, with the audit client and reach agreement on whether the audit should be interrupted, rescheduled or continued;
- if taking copies of documents in any media, ask for permission in advance and consider confidentiality and security matters;
- when taking notes, avoid collecting personal information unless required by the audit objectives or audit criteria.

c) Virtual audit activities:

- ensure that the audit team is using agreed remote access protocols including requested devices, software, etc.;
- if taking screen shot copies of document of any kind, ask for permission in advance and consider confidentiality and security matters and avoid recording individuals without their permission;
- if an incident occurs during the remote access, the audit team leader should review the situation with the auditee and, if necessary, with the audit client and reach agreement on whether the audit should be interrupted, rescheduled or continued;
- use floor plans/diagrams of the remote location for reference;
- maintain respect for privacy during audit breaks.

Consideration needs to be given to disposition of information and audit evidence, irrespective of the type of media, at a later date, once the need for its retention has lapsed.

A.16 Auditing virtual activities and locations

Virtual audits are conducted when an organization performs work or provides a service using an on-line environment allowing persons irrespective of physical locations to execute processes (e.g. company intranet, a “computing cloud”). Auditing of a virtual location is sometimes referred to as virtual auditing. Remote audits refer to using technology to gather information, interview an auditee, etc. when “face-to-face” methods are not possible or desired.

A virtual audit follows the standard audit process while using technology to verify objective evidence. The auditee and audit team should ensure appropriate technology requirements for virtual audits which can include:

- ensuring the audit team is using agreed remote access protocols, including requested devices, software, etc.;
- conducting technical checks ahead of the audit to resolve technical issues;
- ensuring contingency plans are available and communicated (e.g. interruption of access, use of alternative technology), including provision for extra audit time if necessary.

ÍST EN ISO 19011:2018

Hæfni úttektarmanns ætti m.a. að taka til:

- tæknilega kunnáttu til að nota viðeigandi rafeindabúnað og aðra tækni við úttekt,
- reynslu af því að koma á fjarfundum til að geta framkvæmt úttekt í fjarvinnslu.

Þegar verið er að stýra upphafsfunði eða úttekt úr fjarlægð ætti úttektarmaður hafa eftirtalin atriði í huga:

- áhættu sem tengist sýndarúttektum eða fjarúttektum,
- notkun á grunnmyndum/skýringarmyndum af fjarstaðsetningum fyrir tilvísanir í eða kortlagningu rafrænna upplýsinga,
- að koma í veg fyrir bakgrunnshávaða og truflanir,
- biðjið um leyfi fyrirfram til að taka skjáskotsafrit af skjölum eða hvers konar skráningum og hafa málefni leyndar og verndar í huga,
- að tryggja leynd og næði í úttektahléum, t.d. með því að slökkva á hljóðnemum og myndavélum.

A.17 Framkvæmd viðtala

Viðtöl eru mikilvæg leið til að safna upplýsingum og ættu að vera framkvæmd á þann hátt að það henti aðstæðum og einstaklingnum sem er til viðtals, annað hvort augliti til auglitis eða með öðrum samskiptaleiðum. Úttektarmaður ætti samt sem áður að hafa eftirtalin atriði í huga:

- taka ætti viðtöl við einstaklinga af viðeigandi stigum og verksviðum sem starfa innan umfangs úttektarinnar,
- venjulega ætti að taka viðtöl á hefðbundnum vinnutíma og, ef það hentar, á vinnustað viðmælanda,
- leitast ætti við að skapa viðmælandanum rólegt umhverfi fyrir viðtalið og meðan á því stendur,
- útskýra ætti ástæðu viðtalsins og ef minnispointar eru skrifaðir niður,
- gott getur verið að hefja viðtöl með því að biðja einstaklinga að lýsa vinnu sinni,
- vanda ætti val og eðli spurninga (t.d. hvort þær eru opnar, lokaðar, leiðandi eða með þakklátum hætti),
- vitund um takmörkuð samskipti án orða í gegnum á fjarfunði, í staðinn ætti að leggja áherslu á tegund spurninga sem draga fram hlutlægar sannanir,
- gera ætti samantekt með niðurstöðum viðtalsins og hún rýnd með viðmælandanum,
- þakka ætti viðmælendum fyrir þátttökuna og samstarfið.

A.18 Niðurstöður úttektar

A.18.1 Ákvörðun á niðurstöðum úttektar

Þegar verið er að ákvarða niðurstöður úttektar ætti að hafa eftirtalin atriði í huga:

- eftirfylgni við fyrri úttektarskrár og -ályktanir,
- kröfur úttektarþega,
- að hlutlægar sannanir séu nógu nákvæmar, fullnægjandi og viðeigandi til að styðja niðurstöður úttektar,
- það að hvaða marki skipulagðar úttektarathafnir raungerast og skipulagðar niðurstöður nást,
- hvort niðurstöður fara fram úr viðteknum starfsvenjum eða tækifærum til umbóta,
- stærð sýna,
- flokkun (ef einhver) á niðurstöðum úttektarinnar.

A.18.2 Skráning samræmis

Þegar verið er að skrá samræmi ætti að hafa eftirtalin atriði í huga:

- lýsingu á eða tilvísun í úttektarviðmið sem sýna samræmi,
- sönnunargögn úttektar til að styðja við samræmi og markvirkni, ef við á,
- yfirlýsingu um samræmi, ef við á.

ÍST EN ISO 19011:2018

Auditor competence should include:

- technical skills to use the appropriate electronic equipment and other technology while auditing;
- experience in facilitating meetings virtually to conduct the audit remotely.

When conducting the opening meeting or auditing virtually, the auditor should consider and the following items:

- risks associated with virtual or remote audits;
- using floor plans/diagrams of remote locations for reference or mapping of electronic information;
- facilitating for the prevention of background noise disruptions and interruptions;
- asking for permission in advance to take screen shot copies of documents or any kind of recordings, and considering confidentiality and security matters;
- ensuring confidentiality and privacy during audit breaks e.g. by muting microphones, pausing cameras.

A.17 Conducting interviews

Interviews are an important means of collecting information and should be carried out in a manner adapted to the situation and the individual interviewed, either face to face or via other means of communication. However, the auditor should consider the following:

- interviews should be held with individuals from appropriate levels and functions performing activities or tasks within the audit scope;
- interviews should normally be conducted during normal working hours and, where practical, at the normal workplace of the individual being interviewed;
- attempts should be made to put the individual being interviewed at ease prior to and during the interview;
- the reason for the interview and any note taking should be explained;
- interviews may be initiated by asking individuals to describe their work;
- the type of question used should be carefully selected (e.g. open, closed, leading questions, appreciative inquiry);
- awareness of limited non-verbal communication in virtual settings; instead focus should be on the type of questions to use in finding objective evidence;
- the results from the interview should be summarized and reviewed with the interviewed individual;
- the interviewed individuals should be thanked for their participation and cooperation.

A.18 Audit findings

A.18.1 Determining audit findings

When determining audit findings, the following should be considered:

- follow-up of previous audit records and conclusions;
- requirements of the audit client;
- accuracy, sufficiency and appropriateness of objective evidence to support audit findings;
- extent to which planned audit activities are realized and planned results achieved;
- findings exceeding normal practice, or opportunities for improvement;
- sample size;
- categorization (if any) of the audit findings.

A.18.2 Recording conformities

For records of conformity, the following should be considered:

- description of or reference to audit criteria against which conformity is shown;
- audit evidence to support conformity and effectiveness, if applicable;
- declaration of conformity, if applicable.

ÍST EN ISO 19011:2018

A.18.3 Skráning frábrigða

Þegar verið er að skrá frábrigði ætti að hafa eftirtalin atriði í huga:

- a) lýsingu á eða tilvísun í úttektarviðmið,
- b) sönnunargögn úttektar,
- c) yfirlýsingu um frábrigði,
- d) tengdar niðurstöður úttektar, ef við á.

A.18.4 Átt við niðurstöður sem tengjast mörgum viðmiðum

Meðan á úttekt stendur er mögulegt að niðurstöður sem tengjast mörgum viðmiðum komi í ljós. Ef úttektarmaður auðkennir niðurstöðu sem tengjast einu viðmiði þegar um sameinaða úttekt er að ræða, ætti úttektarmaður að íhuga möguleg áhrif á sambærileg eða svipuð viðmið hinna stjórnunarkerfanna.

Með hliðsjón af fyrirkomulagi við úttektarþega getur úttektarmaður annaðhvort:

- a) reitt fram aðskildar niðurstöður fyrir hvert viðmið, eða
- b) reitt fram eina niðurstöðu þar sem tilvísanir til hinna mörgu viðmiða eru talin fram í einu lagi.

Með hliðsjón af fyrirkomulagi við úttektarþega getur úttektarmaður leiðbeint úttektareiningunni varðandi það hvernig skuli bregðast við niðurstöðunum.

ÍST EN ISO 19011:2018

A.18.3 Recording nonconformities

For records of nonconformity, the following should be considered:

- a) description of or reference to audit criteria;
- b) audit evidence;
- c) declaration of nonconformity;
- d) related audit findings, if applicable.

A.18.4 Dealing with findings related to multiple criteria

During an audit, it is possible to identify findings related to multiple criteria. Where an auditor identifies a finding linked to one criterion on a combined audit, the auditor should consider the possible impact on the corresponding or similar criteria of the other management systems.

Depending on the arrangements with the audit client, the auditor may raise either:

- a) separate findings for each criterion; or
- b) a single finding, combining the references to multiple criteria.

Depending on the arrangements with the audit client, the auditor may guide the auditee on how to respond to those findings.

ÍST EN ISO 19011:2018

Ritaskrá

- [1] ÍST EN ISO 9000:2015, *Gæðastjórnunarkerfi – Grunnatriði og íðorðasafn*
- [2] ÍST EN ISO 9001, *Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur⁷*
- [3] ISO Guide 73:2009, *Leiðsögn – Áhættustjórn – Orðalisti*
- [4] ÍST EN ISO/IEC 17021-1:2015, *Samræmismat – Kröfur fyrir aðila sem gera úttekt á og votta stjórnunarkerfi – 1. hluti: Kröfur*

⁷ Sjá www.iso.org/tc176/ISO9001AuditingPracticesGroup.

ÍST EN ISO 19011:2018

Bibliography

- [1] ISO 9000:2015, *Quality management systems – Fundamentals and vocabulary*
- [2] ISO 9001, *Quality management systems – Requirementsⁱ*
- [3] ISO Guide 73:2009, *Risk management – Vocabulary*
- [4] ISO/IEC 17021-1, *Conformity assessment – Requirements for bodies providing audit and certification of management systems – Part 1: Requirements*

7 See www.iso.org/tc176/ISO9001AuditingPracticesGroup.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlum og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlum.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlum. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með staðlagerð á Íslandi.
- Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum.
- Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórn-sýslu og hjá einkaaðilum.
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.

Staðlaráð Íslands tekur ekki efnislega afstöðu til staðla og ákveður ekki hvað skuli staðlað. Ákvarðanir um það eru teknar af þeim sem eiga hagsmuna að gæta og þeir greiða fyrir verkefni.

Á vegum Staðlaráðs starfa fjögur fagstaðlaráð:

- Byggingarstaðlaráð (BSTR)
- Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)
- Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)
- Rafstaðlaráð (RST)

Á vegum Staðlaráðs starfa einnig fagstjórnir í gæðamálum og í véltækni.

Það er einfalt og fyrirhafnarlítið að panta og finna staðla á netinu

www.stadlar.is



Íslenskir staðlar